

Ársskýrsla Garðaskóla 2016-2017



Ársskýrsla Garðaskóla 2016-2017

Ritstjóri: Brynhildur Sigurðardóttir

Fjöldi prentaðra eintaka:

Skýrslan er aðgengileg á rafrænu formi á vef Garðskóla: <http://gardaskoli.is/>

EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
Garðaskóli	6
50 ára afmæli skólans.....	6
Skóladagatal 2016-2017	7
Nemendur	8
Starfsumhverfi nemenda	9
Matsala nemenda	9
Nemendafélagið	10
Nemendaráð Garðaskóla	10
Námsárangur nemenda.....	10
Samræmd próf	12
Starfsmenn Garðaskóla	13
Stjórnendur og nemendavernd	13
Fagstjórar	13
Breytingar í starfsmannahópnum	13
Samstarfsaðilar í húsinu	14
Nefndir og ráð	14
Starfsþróun.....	15
Foreldrar	15
Foreldrafélag Garðaskóla	16
Skólaráð.....	16
Húsnæði skólans	16
Skýrsla skólastjóra – niðurstöður innra mats	18
Áherslur 2016-2017: Nemendur, námið	18
Áherslur 2016-2017: Kennarar – kennslan.....	19
Áherslur 2016-2017: Starfsmenn – vinnuumhverfi.....	20
Bókun 1 í kjarasamningi kennara	21
Áherslur 2016-2017: Skólasamfélagið.....	21
Nýtt námsmat – Ný hugsun í námsmati	22
Læsi í Garðaskóla	24
Áfallaráð	27
Ársskýrslur deilda	28
Skýrsla deildarstjóra	28
Skólasókn og ástundun nemenda	29
Viðburðadagatal skólaársins	33
Skólastarf.....	34
Skýrsla deildarstjóra námsvers og verkefna	35
Skýrsla fagstjóra í ensku	40
Skýrsla fagstjóra í íslensku.....	41
Skýrsla í myndlistargreinum	42

Skýrsla fagstjóra í náttúrufræði.....	44
Skýrsla kennara í samfélagsfræði.....	46
Skýrsla smíðakennara.....	47
Skýrsla fagstjóra í stærðfræði	48
Skýrsla kennara í heimilisfræði og valáföngum matreiðslu	49
Skýrsla kennara í textíl og fatahönnun.....	50
Skýrsla kennsluráðgafa í tölvu-Upplýsingatækni í Garðaskóla.....	51
Skýrsla Garðalundar og Nemendafélags	52
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa.....	53

INNGANGUR

Ársskýrsla er hluti af skólanámskrá Garðaskóla. Í ársskýrslunni er fjallað um það sem hæst ber í starfsemi skólans 2016-2017. Ársskýrslunni er í senn ætlað að vera verkfæri í innra mati skólans og mikilvæg heimild um skólastarf og inntak þess.

Við samantekt ársskýrslu var áfram lögð áhersla á að stytta texta og endurtaka ekki lýsingar sem fram koma í [starfsáætlun](#), [kennsluáætlunum](#) eða öðrum hlutum [skólanámskrár](#). Lesendum er vísað með rafrænum tenglum á [heimasíðu skólans](#) til að afla frekari upplýsinga og því hefur prentuð útgáfa ársskýrslu takmarkað gildi miðað við rafrænu útgáfuna.

Á heimasíðu Garðaskóla má ávallt nálgast ýmsar upplýsingar um daglegt starf, almenna starfshætti og stefnu skólans. Þá birtast mikilvægar upplýsingar um félagsstarf nemenda á [heimasíðu félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar](#) sem m.a. sér um félagslíf nemenda Garðaskóla í nánú samstarfi við starfsfólk Garðaskóla.

Í þessari ársskýrslu birtast skýrslur um öflugt og skapandi starf sem starfsfólk, nemendur og foreldrar eru stoltir af. Öllum þeim sem lögðu til efni í skýrsluna er þakkað kærlega fyrir framlagið.

Stjórnendur og starfsfólk Garðaskóla þakka öllum aðilum gott og gefandi samstarf á skólaárinu 2016-2017 og að venju hlökkum við til komandi verkefna.

Garðabær, september 2017
Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri

GARÐASKÓLI

Garðaskóli er sérhæfður skóli fyrir unglingastig sem á mjög gott samstarf við grenndarsamfélag sitt. Félagsmiðstöðin Garðalundur deilir húsnæði með skólanum og daglegt flæði er milli skóla og félagsmiðstöðvar. Þessi flétta nýtist nemendum vel í leik og starfi. Á grundvelli þess að Garðaskóli þjónar aðeins þremur árgöngum, lokastigi grunnskólans, hefur starfið mótast af sérhæfingu og markvissum vinnubrögðum sem henta námi og kennslu þessa aldursþóps. Til skólans ráðast eingöngu kennarar og starfsmenn sem vilja og geta unnið með nemendum á hinu viðkvæma skeiði 13-16 ára aldurstigsins. Ekki er síður mikilvægt að til kennara skólans eru gerðar ríkar kröfur um þekkingu og færni til að geta kennt það námsefni sem ætlað er unglingum sem eru að ljúka grunnskólanámi. Skólinn á rötgróid samstarf við FG og nemendum býðst að taka nám á öðru þrepi framhaldsskólans á meðan þeir stunda nám í Garðaskóla. Hópa- og ferðakerfi Garðaskóla býður nemendum fjölbreyttar námsleiðir sem hver einstaklingur getur sniðið að áhuga sínum og námslegum þörfum.

50 ÁRA AFMÆLI SKÓLANS

Haldið var upp á 50 ára afmæli Garðaskóla haustið 2017 en skólinn hóf starfsemi þann 11. nóvember 1966. Saga skólans er ekki skráð í heild en megindrætti hennar má lesa á [vef skólans](#).

Haldið var upp á afmælið með ýmsum hætti og segja má að hátíðarhöld hafi hafist við útskrift nemenda í júní 2016. Þá gaf Fríða Kristín Gísladóttir og eiginmaður hennar skólanum listaverk úr seríu Fríðu „Niðurhal ljóssins“. Verkið er táknrænt fyrir starf skólans og sómir sér vel þar sem því var komið fyrir við skrifstofuna. Með gjöfinni vildu hjónin þakka skólanum starf með börnum þeirra.

Foreldrafélag skólans gaf einnig rausnarlega afmælisgjöf. Formaður foreldrafélagsins, Katrín Helgadóttir, lífgaði upp á ganga skólans með því að mála valda veggj og koma fyrir blómum. Um haustið bættust síðan á ganga skólans þrettán sófar sem nemendur geta nýtt til hvíldar og samveru. Sófarnir voru sérlega kærkomin gjöf, enda hefur það verið á óskalista nemenda til fjölda ára að fá fleiri sófa á ganga skólans.



Gunnlaugur Sigurðsson fyrrverandi skólastjóri segir frá á sögusýningu í tilefni 50 ára afmælis Garðaskóla

Á haustönn stýrðu Ólafur Ágúst Gíslasons íþróttakennari og Hildur Rudolfsdóttir kennsluráðgjafi valhópi nemenda í undirbúningsstarfi fyrir afmælishátíð skólans sem haldin var föstudaginn 11. nóvember, á afmælisdegi skólans. Dagurinn var haldinn hátíðlegur með fjölbreyttri og skemmtilegri dagskrá. Nemendur héldu Pálínuboð í stofum sínum og skoðuðu sögusýningu um starf skólans sem sett var upp á efri hæð húsnæðisins. Skemmtun var haldin í Ásgarði og í hádeginu var sögusýningin opnuð fyrir almenningi. Viðstaddir opnunina voru m.a. Gunnar Einarsson bæjarstjóri og Gunnlaugur Sigurðsson, fyrsti skólastjóri Garðaskóla og hugmyndasmiður ferðakerfis skólans. Fjöldi gesta heimsóttu sögusýninguna og urðu margir skemmtilegir endurfundir á göngum skólans þá daga sem sýningin var opin. Að lokum var svo starfsfólki skólans haldin veisla í Garðaholti og þar þakkaði Sturla Þorsteinsson hópnum gott samstarf til margra ára auk þess sem Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólaneftdar Garðabæjar, færði Gunnlaugi Sigurðssyni, dætrum Ragnars Gíslasonar, og Brynhildi Sigurðardóttur núverandi skólastjóra þakkarorð.

Afmælishátíðin var tækifæri til að rifja upp fjölbreytt og merkilegt starf sem fram hefur farið í skólanum. Talsverð umræða varð um nauðsyn þess að saga skólans væri almennilega skrásett en ekki var gengið til þess verks að þessu sinni. Vonandi verður bragarbót þar á á næstu árum.

SKÓLADAGATAL 2016-2017

Skóladagatal í leik- og grunnskólum Garðabæjar er samræmt til að mæta þörfum fjölskyldna og skapa möguleika á samstarfi þvert á skóla. Meginrammi skóladagatalsins er samþykktur af skólaneftnd að vori en minniháttar tilfærslur á viðburðum geta orðið eftir því sem líður á skólaárið.

Eftirfarandi er skóladagatal Garðaskóla eins og það leit út vorið 2017.

Síðast uppfært 28.4.2017

Skóladagatal 2016 – 2017

Garðaskóli


	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ			
1 M	Fjórðugur verðisamningur	1 F	1 L	1 D	1 F	Fúlféldisdagurinn	1 S	Hjóskaupdagur 1. stund	1 M	Oktoberdagur	1 L	Verðisamningur 1. stund	1 F	Verðisamningur 1. stund
2 D		2 F	2 S	2 M	2 F	2 F	2 M	2 F	2 F	2 S	2 D	2 F	2 F	Verðisamningur 8-4. bekk
3 M		3 L	3 M	3 M	3 L	3 L	3 D	3 F	3 F	3 M	3 M	3 L	3 L	Verðisamningur 10-6. bekk
4 F		4 S	4 S	4 D	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 D	4 F	4 S	4 S	Verðisamningur 12-8. bekk
5 F		5 M	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 M	Verðisamningur 14-10. bekk
6 L		6 D	6 F	6 F	6 S	6 D	6 F	6 M	6 M	6 F	6 L	6 D	6 D	Verðisamningur 16-12. bekk
7 S	12. vika	7 M	7 F	7 M	7 M	7 M	7 L	7 D	7 D	7 S	7 S	7 M	7 M	Verðisamningur 18-14. bekk
8 M		8 F	8 M	8 L	8 D	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 F	Verðisamningur 20-16. bekk
9 D		9 F	9 M	9 M	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S	9 D	9 D	9 D	Verðisamningur 22-18. bekk
10 M		10 L	10 M	10 M	10 L	10 L	10 D	10 F	10 F	10 M	10 M	10 L	10 L	Verðisamningur 24-20. bekk
11 F		11 S	11 S	11 D	11 F	11 F	11 M	11 L	11 L	11 D	11 F	11 S	11 S	Verðisamningur 26-22. bekk
12 F		12 M	12 M	12 L	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M	Verðisamningur 28-24. bekk
13 L		13 D	13 F	13 M	13 M	13 F	13 M	13 M	13 M	13 D	13 M	13 D	13 D	Verðisamningur 30-26. bekk
14 S	13. vika	14 M	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L	14 D	14 D	14 S	14 S	14 M	14 M	Verðisamningur 32-28. bekk
15 M	Skóladagur	15 F	15 M	15 L	15 D	15 F	15 M	15 M	15 M	15 D	15 F	15 M	15 M	Verðisamningur 34-30. bekk
16 D	Skóladagur	16 F	16 M	16 L	16 D	16 F	16 M	16 M	16 M	16 D	16 F	16 M	16 M	Verðisamningur 36-32. bekk
17 M	Skóladagur	17 L	17 M	17 M	17 L	17 L	17 D	17 F	17 F	17 S	17 M	17 L	17 L	Verðisamningur 38-34. bekk
18 F	Skóladagur	18 S	18 M	18 L	18 D	18 F	18 M	18 M	18 M	18 D	18 F	18 M	18 M	Verðisamningur 40-36. bekk
19 F	Skóladagur	19 M	19 M	19 L	19 D	19 F	19 M	19 M	19 M	19 D	19 F	19 M	19 M	Verðisamningur 42-38. bekk
20 L		20 D	20 F	20 M	20 M	20 F	20 M	20 M	20 M	20 D	20 F	20 M	20 M	Verðisamningur 44-40. bekk
21 S	14. vika	21 M	21 F	21 M	21 L	21 F	21 M	21 M	21 M	21 D	21 F	21 M	21 M	Verðisamningur 46-42. bekk
22 M	Skóladagur	22 L	22 M	22 L	22 D	22 F	22 M	22 M	22 M	22 D	22 F	22 M	22 M	Verðisamningur 48-44. bekk
23 D	Fyrsti skóladagur	23 F	23 M	23 M	23 L	23 F	23 M	23 M	23 M	23 D	23 F	23 M	23 M	Verðisamningur 50-46. bekk
24 M		24 L	24 M	24 L	24 D	24 F	24 M	24 M	24 M	24 D	24 F	24 M	24 M	Verðisamningur 52-48. bekk
25 F		25 S	25 M	25 L	25 D	25 F	25 M	25 M	25 M	25 D	25 F	25 M	25 M	Verðisamningur 54-50. bekk
26 F		26 M	26 M	26 L	26 D	26 F	26 M	26 M	26 M	26 D	26 F	26 M	26 M	Verðisamningur 56-52. bekk
27 L		27 D	27 F	27 M	27 L	27 F	27 M	27 M	27 M	27 D	27 F	27 M	27 M	Verðisamningur 58-54. bekk
28 S	15. vika	28 M	28 M	28 L	28 D	28 F	28 M	28 M	28 M	28 D	28 F	28 M	28 M	Verðisamningur 60-56. bekk
29 M		29 F	29 M	29 L	29 D	29 F	29 M	29 M	29 M	29 D	29 L	29 M	29 M	Verðisamningur 62-58. bekk
30 D		30 F	30 M	30 L	30 D	30 F	30 M	30 M	30 M	30 D	30 F	30 M	30 M	Verðisamningur 64-60. bekk
31 M			31 M	31 L	31 D	31 F	31 M	31 M	31 M	31 D	31 F	31 M	31 M	Verðisamningur 66-62. bekk
	7		20	21	14	21	15	21	13	20	5			

NEMENDUR

Nemendatala skólans rokkaði í kringum 500 á árinu. Við upphaf skólaársins voru nemendur skólans 497 og fjölgaði þeim síðan um fjóra.

<i>Bekkur</i>	<i>Drengir</i>	<i>Stúlkur</i>	<i>Heildarfjöldi í bekk</i>
8. BJ	16	10	26
8. HT	9	16	25
8. KG	14	9	23
8. KSS	11	14	25
8. RÁG	11	12	23
8. RBP	15	11	26
8. SBG	15	10	25
9. EHR	13	11	24
9. GE	9	11	20
9. HPS	12	10	22
9. IW	11	14	25
9. KFS	9	16	25
9. KS	12	13	25
9. SSH	12	12	24
10. EE	11	18	29
10. ES	12	13	25
10. RS	9	18	27
10. RT	17	12	29
10. SÁ	14	12	26
10. SR	15	12	27
Alls drengir: 247	Alls stúlkur: 254	Heildarfjöldi nemenda : 501	

Fjöldi nemenda í Garðaskóla heldur áfram að aukast eins og verið hefur síðustu fimm árin. Það er ánægjuleg þróun vegna þess að fjölbreytt námsframboð fyrir nemendur skólans byggir á fjölda nemenda.



Nemendur koma úr öllum hverfum Garðabæjar auk þess sem tæplega 7% nemenda eru búsettir í öðrum sveitarfélögum. Búseta nemenda dreifist á eftirfarandi hátt og þessi þessi dreifing sambærileg við það sem verið hefur undanfarin ár:

Sveitarfélag	Fjöldi
Reykjavík	8
Kópavogur	16
Garðabær	467
Hafnarfjörður	8
Önnur sveitarfélög	2
Alls	


STARFSUMHVERFI NEMENDA

Á unglingastigi sækja nemendur 37 kennslustundir á viku samkvæmt Aðalnámskrá. Kennslustundir í Garðaskóla eru skipulagðar sem 60 mínútna einingar en ekki 40 mínútna eins og Aðalnámskrá gerir ráð fyrir. Vinnuvika nemenda er því 24-25 klukkustundir. Fyrsta kennslustund í Garðaskóla hefst kl. 8.10 og skóladegi lýkur í flestum tilvikum á bilinu 14.20-15.20. Vegna starfsmannafundar hefst kennsla kl. 9.30 einu sinni í viku. Skipulag stundatafla er auk þess afar misjafnt milli nemenda þar sem töflurnar eru einstaklingsmiðaðar.

Námið er fjölbreytt og mikil áhersla er lögð á að nemendum líði vel í skólanum og þeir njóti sín við nám og störf. Nemendur stjórna ferðum sínum um húsnæði og skólalóð sjálfir og þeir geta fengið lánaða bolta og fleira til útileikja á skrifstofu skólans. Kennslustundir eru brotnar upp með frímínútum og matarhléi.

MATSALA NEMENDA

Haustið 2012 tók Skólamat ehf. við rekstri á matsölu skólans og þar geta nemendur keypt heitan mat í hádeginu og ýmiss konar smávöru í öðrum hléum. Vaxandi ánægja er með þjónustu matsölnnar; ánægja er með vöruúrvalið, þjónustuna og heita matinn hjá Skólamat. Í vetur voru 63% nemenda í mataráskrift einhvern dag vikunnar, eða 315 nemendur á skrá hjá Skólamat með virka mataráskrift. Nemendum í áskrift að heitum mat hefur stöðugt fjölgað undanfarin ár eins og sjá má á eftirfarandi mynd:



NEMENDAFÉLAGIÐ

Í nemendasamfélaginu starfa nokkrir hópar sem gegna ábyrgðarstörfum auk þess sem tveir fulltrúar nemenda sitja í skólaráði Garðaskóla. Félagsmálavali Garðalundar er öflugur hópur sem stendur að félagslífi nemenda við skólann.


NEMENDARÁÐ GARÐASKÓLA



Markmið nemendaráðs er að vinna að hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Nemendaráð var skipað fimm drengjum og fimm stúlkum úr öllum árgöngum. Það starfaði undir stjórn Ingibjargar Önnu Arnarsdóttur, aðstoðarskólustjóra. Ráðið er stjórnendum til ráðgjafar og kemur skoðunum og óskum nemenda á framfæri við starfsfólk. Tveir meðlimir ráðsins sitja fyrir hönd nemenda í skólaráði Garðaskóla einnig sitja þrír úr nemendaráði í ungmennaráði Garðabæjar. Á skólaárinu 2016-2017 kom nemendaráð sérstaklega að skoðun á jafnrétti innan skólans, forvörnum, samræmdum prófum og matarmálum nemenda.

NÁMSÁRANGUR NEMENDA

Á eftirfarandi myndum er yfirlit um dreifingu lokaeinkunnna í hverri námsgrein. Allar prósentutölur miðast við 163 nemendur í árganginum.

Í nokkrum greinum var ýmist gefin lokaeinkunn eða lokið/ólokið eftir því hvernig námsmati hafði verið stillt upp fyrir hópinn.





Myndir yfir árangur nemenda í list- og verkgreinum gera ekki fullnægjandi grein fyrir árangri nemenda í þeim fjölbreyttu faggreinum sem kenndar eru innan skólans. Nemendur hafa á þremur árum í Garðaskóla stundað nám í heimilisfræði, textíl, smíði og fleiri valgreinum sem falla undir flokk verkgreina skv. Aðalnámskrá. En útskriftarskrirteini Menntamálastofnunar gerir ekki ráð fyrir sundurliðun á þessum námsgreinum. Sama vandamál gildir um mynd sem sýnir samantekt á lokaeinkunnum í listgreinum en þær greinast í ýmsar undirgreinar myndlistar og sviðslista skv. skólanámskrá Garðaskóla.



Kennsluráðgjafi aðstoðar í textíl tíma.

SAMRÆMD PRÓF

Haustið 2015 gerði Menntamálaráðuneytið fyrstu tilraun með fyrirlögn rafrænna samræmdra prófa. Garðaskóli tók þátt í þeirri tilraun sem mistókst því á prófdegi gat enginn nemandi opnað rafræna prófið og enduðu allir nemendur á því að skila prófúrlausnum á pappír. Skólaárið 2016-2017 hóf Menntamálastofnun innleiðingu rafrænna prófa af fullum krafti í öllum árgöngum samkvæmt ákvörðun mennta- og menningarmálaráðuneytis. Nemendur í 9. og 10. bekk Garðaskóla tóku prófin eins og aðrir jafnaldrar þeirra á landinu í marsmánuði. Prófið var lagt fyrir tvo árganga að þessu sinni vegna þess að verið er að færa fyrirlögnina úr 10. bekk í 9. bekk. Framvegis verður prófið lagt fyrir í 9. bekk, auk 4. og 7. bekkjar.

Í aðdraganda prófanna voru skilaboð frá Menntamálastofnun um innihald og fyrirkomulag prófanna óljós og oft á tíðum misvísandi. Af þeim sökum og af fyrri reynslu var lögð áhersla á góðan og tímanlegan undirbúning prófanna. Ásta Sölvadóttir var ráðin sem verkefnastjóri til að skipuleggja prófin og skólastarfið á próftímabilinu. Samræmdurófin og skólastarfið á meðan á prófum stóð gekk mjög vel og niðurstöður nemenda skólans voru framúrskarandi. Nánar er gerð grein fyrir undirbúningi, framkvæmd og niðurstöðum samræmdu prófanna 2017 í [ítarlegri skýrslu skólans](#).

Helstu niðurstöður prófanna í samanburði við landsmeðaltal má sjá í eftirfarandi töflum:

Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0-60 10. bekkur vorið 2017				
	Garðaskóli	Landið	Hlutfall milli GS og landið *	Þátttaka
10. bekkur Íslenska	34	30	+ 13,3%	92,6%
10. bekkur Enska	34	30	+ 13,3%	90,2%
10. bekkur Stærðfræði	37	30	+ 23,3%	93,9%

* segir til um hvað normaldreifð einkunn Garðaskóla er mörgum % hærri/lægri en landsmeðaltals.

Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0-60 9. bekkur vorið 2017				
	Garðaskóli	Landið	Hlutfall milli GS og landið *	Þátttaka
9. bekkur Íslenska	33	30	+ 10%	95,7%
9. bekkur Enska	34	30	+ 13,3%	97%
9. bekkur Stærðfræði	38	30	+ 26,7%	97%

* segir til um hvað normaldreifð einkunn Garðaskóla er mörgum % hærri/lægri en landsmeðaltals.

STARFSMENN GARÐASKÓLA

Við skólann störfuðu alls 58 starfsmenn: kennarar, stjórnendur, þroskaþjálfar, stuðningsfulltrúar, skólaliðar, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni, bókasafnsfræðingur og námsráðgjafar. Innan skólans unnu einnig starfsmenn annarra stofnana og samstarfsaðila svo sem starfsmenn Félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar, hjúkrunarfræðingur, umsjónarmaður fasteignar, skólasálfræðingur, kennarar tónlistarskólans og þjálfari frá knattspyrnudeild Stjörnunnar. Rúmur þriðjungur starfsmanna eru karlmenn og hefur það kynjahlutfall haldist svipað um nokkurt skeið. Starfandi kennarar sinntu forfallakennslu eins og verið hefur undanfarin ár. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á [vefsíðu skólans](#).

STJÓRNENDUR OG NEMENDAVERND

Skólastjóri: Brynhildur Sigurðardóttir
 Aðstoðarskólastjóri: Ingibjörg Anna Arnarsdóttir
 Deildarstjóri nemendamála: Ásta Huld Henrysdóttir
 Deildarstjóri námsvers: Guðný Þóra Friðriksdóttir
 Deildarstjóri verkefna: Kristian Guttesen
 Kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni: Hildur Rudolfsdóttir
 Náms- og starfsráðgjafar: Ásta Gunnarsdóttir, Auður Sigurðardóttir
 Skólasálfræðingur: Hrafnhildur Lilja Harðardóttir, kom til starfa haustið 2016
 Skólahjúkrunarfræðingur: Ása Sjöfn Lórens dóttir.

FAGSTJÓRAR

Fagstjórum var fjölgað úr fjórum í sex á skólaárinu vegna álags á kennurum í fagdeildum. Mikilvægt er að starf innan fagdeilda sé samræmt og að leiðtogar séu skipaðir til að þróa starfið áfram. Fagstjórar gegna þessum hlutverkum. Reynsla síðustu missera, eftir að fagstjórn var skorin niður innan skólans vegna þess að fjármagn til hennar var ekki lengur til staðar skv. kjarasamningi, er afar slæm. Verkaskipting kennara varð óskýrari og mikill vinnutími fór hjá mörgum kennurum í að ganga frá atriðum sem fagstjóri getur tekið af skarið með og lokið á styttri tíma. Samráð um ýmis mál rofnaði vegna þess að of tímafrekt var hjá stjórnendum að tala við heila hópa kennara í stað fulltrúa deilda eins og fagstjórnir eru. Nánar er fjallað um þessa erfiðleika í [ársskýrslu síðasta árs, bls. 14](#). Fagstjórum var því bætt við í samfélagsfræði- og íþróttadeild og til stendur að ráða fagstjóra í dönskudeildinni haustið 2017.

Fagstjórar skólárið 2016-2017 voru:

Enska: Halla Thorlacius

Íslenska: Gísli Rúnar Konráðsson

Náttúrufræði: M. Bettý Jónsdóttir

Stærðfræði: Elena Einisdóttir

Íþróttir: Magnús Teitsson

Samfélagsfræði: Hilmar Þór Sigurjónsson

Stjórnendur Garðaskóla ítreka ósk sína um að skólar fái fjárhagslegt svigrúm til að ráða kennara til ábyrgðarverka líkt og áður var skilgreint með „pottinum“ í kjarasamningi grunnskólakennara.

BREYTINGAR Í STARFSMANNAHÓPNUM

Nokkrir nýir kennarar tóku til starfa haustið 2016:

Elzbieta Kowal matræður á kaffistofu starfsmanna var í launalaus leyfi og í hennar stað kom Barbara Maria Zuchowicz. Vorið 2017 sagði Ela upp vegna annarra starfa og Barbara heldur því áfram sem fastráðinn matræður.

Jacek Kowal lauk störfum sem skólaliði um miðja haustönn. Tveir nýir skólaliðar komu til starfa: Sonia Leite og Jolita Balciuniene en hvorug þeirra heldur áfram á næsta skólaári því þær fara til starfa á yngri skólastigum. Nina Leite starfaði einnig í hlutastarfi sem skólaliði hluta úr haustinu.

Gunnar Hrafn Sveinsson starfaði sem stuðningsfulltrú frá miðri haustönn og út skólaárið. Hann bættist við hóp stuðningsfulltrúa í skólanum en mun halda til náms næsta vetur.

Helga María Ólafsdóttir sem gegnt hefur stöðu deildarstjóra til margra ára sagði upp þeirri stöðu en mun áfram starfa sem kennari við skólann. Sigurrós Gunnarsdóttir deildarstjóri var í launalausum leyfi allt skólaárið og sagði upp við lok árs. Í stjórnendahópinn bættist Kristian Guttusen sem starfaði sem verkefnastjóri á skólaárinu en mun halda til doktorsnáms í heimspeki menntunar næsta vetur. Á vordögum var nýr deildarstjóri ráðinn í stað Rósu og heitir hann Tryggvi Már Gunnarsson. Hann kemur til starfa í ágúst 2017.

Í hópi kennara bættist við Bettý Jónsdóttir og tók hún við stöðu fagstjóra í náttúrufræði. Ragnheiður Ásta Guðnadóttir hóf einnig störf sem náttúrufræðikennari. Smíðakennarinn Árni Már Árnason kom til starfa sem stundakennari. Kristín Sigurðardóttir kom inn sem forfallakennari í enskudeild frá áramótum og fram í apríl. Tinna Guðrún Barkardóttir sinnti sjúkrakennslu um miðjan vetur.

Margrét Erla Björnsdóttir íslenskukennari var í námsleyfi á skólaárinu. Hún sagði upp stöðu sinni undir vorið og fer til starfa sem deildarstjóri í Hofsstaðaskóla.

Sigurður Stefán Haraldsson enskukennari var í veikindaleyfi frá miðju hausti en kom aftur til starfa í hlutastarfi um mitt vor. Emine Gashi íþróttakennari fór í veikindaleyfi um miðja vorönn og verður frá framan af næsta skólaári.

Nýr samstarfsmaður kom til starfa í Garðalundi þegar Arnar Hólm Einarsson var ráðinn aðstoðarforstöðumaður.

Þeim starfsmönnum sem nú hafa kvatt okkur er þakkað gott og skemmtilegt samstarf til lengri og styttri tíma. Nýir starfsmenn hafa komið sterkir inn og eftir hópinn. Ljóst er að bæta þarf við starfsfólki haustið 2017 vegna nemendafjölgunar og þess að nokkrir starfsmenn hafa kvatt okkur. Starfsmannahópurinn í Garðaskóla er sterk heild og hefur tekið vel á móti nýju fólki. Það er því spennandi að fá nýja strauma inn í húsið nýju fólki.

SAMSTARFSADILAR Í HÚSINU



Samstarf Garðaskóla við Stjórnuna um rekstur á valgreinininni „afrekshópur í knattspyrnu“ hélt áfram og reyndist vel. Eins og á fyrra ári hélt Þórhallur Siggeirsson vel utan um þann hóp nemenda.

Tónlistarskólinn rak nokkra starfsemi í húsnaði Garðaskóla og tveir kennarar skólans, Arnar Gíslason og Börkur Hrafn Birgisson kenndu valgreininu ritmísk hringekja. Mikill áhugi er á því að efla enn frekar tónlistarstarf innan skólans en það er vandkvæðum bundið vegna þess hversu illa hljóðeinangruð tónlistarstofa

skólans er. Nauðsynlegt er að gera úrbætur þar á svo að fjölbreytt tónlistarkennsla geti farið fram án þess að trufla kennslu í aðliggjandi stofum á efri og neðri hæð skólans.

NEFNDIR OG RÁÐ

Áfram var lögð áhersla á að starfsmenn, nemendur og forráðamenn hefðu aðgang að ákvarðanatöku og framkvæmdaáætlun skólans með þátttöku í nefndum og ráðum. Nánari upplýsingar um hverjir sitja í starfandi nefndum má finna á [vefsíðu skólans](#).

STARFSÞRÓUN

Símenntunarnefnd skólans skráir óskir starfsmanna um starfsþróunarverkefni, forgangsraðar þeim og gerir áætlun um framkvæmd námskeiða.

Nefndin uppfærði [starfsþróunaráætlun skólans](#) en á skólaárinu 2016-2017 voru helstu starfsþróunarverkefni tengd hæfnimiðuðu námi, upplýsingatækni, skyndihjálp og velferð barna. Menntabúðir í upplýsingatækni voru haldnar í samstarfi við aðra grunnskóla í Garðabæ í ágúst 2016. Heppnaðist verkefnið ákaflega vel. Sömu sögu má segja um menntabúðir Garðabæjar sem haldnar voru í október en þar voru kynnt þróunarverkefni úr öllum skólum bæjarins.

Guðrún Björk Einarsdóttir textílkennari vann verkefnið „Nýsköpun í textíl“ í samstarfi við sérfræðinga af Menntavísindasviði. Kennaranemar komu inn í textílkennslu í Garðaskóla og afrakstur verkefnisins var settur upp í glæsilegri sýningu sem hlaut mikla og verðskuldaða athygli.

Guðný Þóra Friðriksdóttir deildarstjóri námsver í samstarfi við Hildi Rudolfsdóttur kennsluráðgjafa unnu ótúllega að því að bæta aðgengi lesblindra nemenda að rafrænum hjálpartækjum til lesturs. Verkefni þeirra beindist jöfnum höndum að nemendum, forráðamönnum og starfsmönnum og skilaði miklvægri þekkingu inn í skólann.

Skólinn hlaut styrki til nokkurra verkefna úr Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ og settu þessi verkefni mikinn svip á vinnu starfsmanna á árinu. Nánar má lesa um afrakstur þessara verkefna í fjölmörgum köflum ársskýrslunnar. Lokaskýrslur um verkefnið má finna á [vef skólans](#). Meðal þessara verkefna má nefna rannsókn Ingimars Waage á síðferðilegu gildi listkennslu og verkefni Kristian Guttesen um notkun Minecraft við kennslu í rökfræði og gagnrýninni hugsun.

Stjórnendur lögðu aukna áherslu á innlit í kennslustundir og var notast við gátlista um uppbyggingu kennslustunda sem þróaður var af stjórnendum og kennurum. Kennarar hafa verið hvattir til að fara sjálfir í innlit til félaga sinna til að spegla starf sitt og læra af öðrum. Lítið hefur þó orðið úr þessu þar sem kennurum þykir erfitt að finna tíma til slíkra heimsókna.

Rétt fyrir lok skólaárs heldu kennarar innanhúss skólaþing þar sem þeir sögðu frá völdum þáttum úr starfi vetrarins og fengu viðbrögð frá félögum sínum. Skólaþingið var afar vel heppnað og kennarar ánægðir með að fá betri innsýn í störf hver annarra.

Símenntunar- og ferðanefndir skólans skipulögðu námsferð til Vestmannaeyja sem farin verður haustið 2017. Þar verður grunnskólinn heimsóttur og Fablab. Auk þess munu kennarar skemmta sér saman og efla andann í hópnum.

FORELDRAR

Starfsfólk Garðaskóla er í góðu samstarfi við forráðamenn nemenda. Dagleg samskipti fara að miklu leyti fram í tölvupóstum og með skilaboðum í gegnum Námfús en símtöl og fundir eru notaðir því til viðbótar.

Í september var tekið upp nýtt snið á námskynningum fyrir foreldra. Var þeim boðið á opið hús að morgni til í skólanum þar sem þeir hittu umsjónarkennara stuttlega en gátu síðan heimsótt allar fagdeildir á sal skólans, heilsað kennurum og kynnt sér námsefni og aðferðir.



Á skólaárinu var áhersla lögð á að leggja af gamla hugtakið „foreldrafundir“ og taka þess í stað upp „samráðsfundi nemenda, forráðamanna og kennara“. Þessir fundir verða áfram á dagskrá í október og janúar.

Foreldrum var boðið með nemendum til [kynningar á valgreinum](#) snemma að vori og við það tækifæri mætti að venju fjöldi manns til að kynna sér fjölbreytt úrval valgreina skólans og undirbúa val fyrir næsta skólaár.

FORELDRAFÉLAG GARDASKÓLA

Foreldrafélag skólans tók virkan þátt í starfi vetrarins. Stjórn félagsins átti gott samstarf við stjórnendur skólans. Félagið gaf skólanum rausnarlega gjöf í tilefni af 50 ára afmæli skólans í nóvember: 13 sófa sem dreift var um ganga skólans nemendum til hagsbóta.

Á vorönn heimsóttu fulltrúar foreldra starfsfólk skólans og buðu góðar gjafir fyrir líkama og sál: Hugleiðslutíma, hollan morgunverð og skemmtilegan gjafapakka sem afhentur var öllum starfsmönnum. Starfsfólk skólans var ákaflega þakklátt fyrir þennan fallega virðingavott og bar dagskráin þess glöggvitni hversu sterkir bakhjarlar foreldrar eru fyrir skólann.

Á vorhátíð skólans bauð foreldrafélagið nemendum upp á hollustudrykki og skemmtun, en Friðrik Dór kom þá og skemmti nemendum á sal skólans.

Fulltrúar foreldra voru virkir í skólaráði og [Grunnstöð Garðabæjar](#). Nánar má lesa um starf foreldrafélagsins á vef skólans: <http://gardaskoli.is/foreldrar/foreldrafelag-gardaskola/>

SKÓLARÁÐ

Skólastjóri ber ábyrgð á að kalla saman skólaráð ár hvert og stýrir starfi þess. Skólaráð starfar skv. reglugerð nr. 1157/2008 og er meginverkefni þess að vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð fjallar um og tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélag um skólahald.

Í skólaráði sitja tíu fulltrúar: skólastjóri og aðstoðarskólastjóri, tveir fulltrúar kennara, fulltrúi annarra starfsmanna skólans, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og fulltrúi grenndarsamfélagsins. Starfsreglur og fundargerðir skólaráðs eru birtar á [heimasíðu skólans](#).

Skólaárið 2016-2017 hélt skólaráð fimm fundi og var einn þeirra sameiginlegur fundur skólaráðs og nemendaráðs. Meðal mála sem voru rædd voru skóladagatal, innleiðing Aðalnámskrár, lestrarstefna skólans, forvarnarstefna, snjalltækjanotkun, viðmiðunarstundarskrá og nemendaskápar. Skólaráð sendi skólanefnd umsögn um skóladagatal og bæjarráði erindi um nemendaskápa. Síðara erindið hefur ekki verið tekið til afgreiðslu en skólastjóri beðinn um að setja málið í farveg á framkvæmdaáætlun skólans.

HÚSNÆÐI SKÓLANS


Sundlaugin í Ásgarði lokaði haustið 2016 vegna nauðsynlegrar endurbyggingar. Útilokað er fyrir Garðaskóla að skipuleggja sundkennslu í laugum sem eru í meiri fjarlægð frá skólanum. Vegna fyrirkomulagi stundatafla er ekki hægt að taka tíma í ferðir milli staða, slíkt myndi lengja skóladag nemenda á óásættanlegan hátt. Sundkennsla fellur því niður á meðan laugin er lokað. Kennarar og stjórnendur Garðaskóla leggja þunga áherslu á mikilvægi þess að sundlaugin verði opnuð samkvæmt áætlun haustið 2017 svo að kennsla geti hafist sem allra fyrst.

Flataskóli og Garðaskóli eru í góðu samstarfi um nýtingu á íþróttaaðstöðunni í Ásgarði. Vegna nemendafjölgunar í báðum skólum eru fáar stundir ónýttar frá kl. 8-15. Í stöku tilfellum hefur þurft að loka sundlauginni fyrir almenningi til að koma lögbundinni sundkennslu fyrir. Mikilvægt er að huga að því hvort auka þurfi við aðstöðuna til kennslu í sundi vegna nemendafjölda í skólunum tveimur.

Starf Garðaskóla hefur í nokkrum tilfellum þurft að víkja úr íþróttasölunum í Ásgarði kl. 15 vegna tómstundastarfs sem þá hefur verið komið á dagskrá og gerir skólastjóri athugasemd við að þetta hafi gerst. Stundatöflur Garðaskóla ná flesta daga til kl. 15.20 og nauðsynlegt er fyrir skólann að hafa aðstöðuna út þessar kennslustundir. Athugasemdum hefur líka ítrekað verið komið á framfæri til deilda í Ungmennafélaginu Stjörnunni sem hefja æfingar sínar áður en skóladegi unglinga er lokið. Samstarf milli skólans, starfsfólksins í Ásgarði og starfsfólks Stjörnunnar er almennt mjög gott en margir aðilar koma að skipulagi á nýtingu aðstöðunnar og því skiljanlegt að árekstrar geti orðið í viðleitni allra aðila til að fullnýta góða aðstöðu.

Daglegt viðhald á húsnaði Garðaskóla gekk vel og hélt umsjónarmaður fasteignar vel utan um framvindu þess í góðu samstarfi við eignasvið Garðabæjar. Það raskaði þó verulega öllum áætlunum skólans að farið var í nauðsynlega endurnýjun á þráðlausu neti án þess að gera ráð fyrir viðbótarfjármagni til viðhalds í skólanum.

Sumarið 2016 voru miklar framkvæmdir á efri hæð aðalbyggingar Garðaskóla. Bókasafn skólans var tekið niður og sett upp til bráðabirgða í kennslustofu. Stefnt er að því að koma bókasafninu fyrir í nýju og betra upplýsingaveri. Námsvers stofur voru endurskipulagðar og auk þeirra voru fimm kennslustofur og vinnurými hjúkrunarfræðings og námsráðgjafa endurnýjuð. Vinna við endurnýjun glugga á efri hæð aðalbyggingar hófst og er það viðhald gífurlega mikilvægt til að koma í veg fyrir frekari rakavandamál í byggingunni.



Unnið að uppbyggingu nýs upplýsingavers sumarið 2017

Starfsmenn skólans unnu skipulega að hugmyndavinnu og áætlanagerð vegna nýs upplýsingavers sem sett verður upp á efri hæð aðalbyggingar. Eftir að hönnuðir höfðu verið ráðnir til verksins var mjög gott samstarf við þá um útlit og fyrirkomulag í verðandi upplýsingaveri. Það voru starfsmönnum mikil vonbrigði að verkið var ekki fjármagnað að fullu á fjárhagsáætlun ársins 2017 og því er ljóst að bókasafn skólans verður í bráðabirgðaaðstöðu annað árið í röð. Áhersla var lögð á að ytri rammi upplýsingaversins yrði reistur sumarið 2017 og fór sú framkvæmd í gang eftir skólaslit.

Þrátt fyrir að ýmsar úrbætur hafi verið gerðar á húsinu á árunum 2011-2017 er staða mála samt sú að alltof mörg svæði í húsinu eru úr sér gengin og eru bæði nemendur og starfsmenn orðnir langþreyttir á óviðunandi vinnuaðstæðum. Frá árinu 2016 bættist síðan við þann vanda sem fyrir var að nemendafjöldi í skólanum hefur aukist stöðugt frá árinu 2011. Nú er svo komið að öll rými í skólanum eru fullnýtt og almenn kennsla fer fram í rýmum sem ætluð eru til sérgreina.

Skólastjóri gerir athugasemd við að úrbætur á húsnæði skólans hafa verið bútaðar of mikið niður og taka of mörg ár í framkvæmd. Þrjú ár tók að ljúka við viðgerð á þaki hússins sem var forsenda annars viðhalds. Búið er að skipta um 14% glugga á efri hæð aðalbyggingar og ekki verður bætt þar við á árinu 2017 þótt augljóst sé að áriðandi sé að ljúka þeirri framkvæmd. Skólinn þarf nú að setta sig við bráðabirgðalausnir fyrir bókasafn skólans í tvö heil skólaár – staða sem er óskiljanleg í ljósi mikilvægis bókasafnsins fyrir starf skólans.

Flestar af þeim úrbótum á húsnæðinu sem Garðaskóli óskar eftur hafa verið skráðar sem skilgreindar óskir frá árinu 2011 og sumar lengur. Skólastjóri biður um að nú verði gert átak í að koma húsnæðinu í viðunandi horf og skapa þannig nemendum og starfsfólki ásættanlegar vinnuaðstæður. Skólastjóri mun skila sérstöku erindi til yfirmanna hjá Garðabæ vegna þessa.

SKÝRSLA SKÓLASTJÓRA – NIÐURSTÖÐUR INNRA MATS

Fréttir af daglegu starfi skólans voru að venju birtar á vef skólans. Tvö fréttabréf voru gefin út, annað í upphafi skólaárs og hitt í tilefni af forvarnarviku Garðabæjar. Fréttabréf skólans eru rafræn og aðgengileg á vef skólans: <http://gardaskoli.is/skolinn/utgafa/frettabref/>. Stjórnendur hafa áhyggjur af því að fáir lesi fréttabréfin en fylgjast má með heimsóknum á vefnum sem hýsir þau. Áhersla var lögð á að beina athygli að fréttum úr starfi skólans með því að deila þeim á [Facebook síðu skólans](#) og þegar ástæða var til inn á [Facebook vef foreldrafélagsins](#).

Innra mat Garðaskóla tekur mið af þeim áherslum sem settar eru fyrir starfið hvert skólaár. Þegar áherslur eru valdar er horft til fjögurra þátta: nemenda og námsins, kennslu, starfsmanna og skólasamfélagsins.

Kannanir eru lagðar fyrir til að fylgjast með framgangi mála. Á skólaárinu 2016-2017 voru kannanir skólapúlsins lagðar fyrir nemendur og forráðamenn og eru niðurstöður þeirra birtar á vef skólans: <http://gardaskoli.is/skolinn/mat-a-skolastarfinu/innra-mat-2016-2017/>. Ekki voru fleiri kannanir lagðar fyrir á árinu en skólastjóri og aðstoðarskólastjóri heimsóttu alla nemendur um miðjan vetur og áttu samtál um hvað nemendur væru ánægðir og óánægðir með. Upplýsingar frá þessum rýnifundum nemenda og stjórnenda eru nýttar jafnóðum til að taka mál til skoðunar og leita úrbóta. Helstu mál sem skoðuð voru í kjölfar rýnifundanna voru:

- Aðstaða og umgengni í húsinu: umgengni nemenda; þrif á salernum; fjöldi salerna fyrir nemendur; aðbúnaður í matsal nemenda; húsinu læst áður en kennslustundum lýkur.
- Samskipti nemenda og starfsmanna: hlutverk kennara sem fyrirmyndir t.d. varðandi stundvísi; hvernig eru athugasemdir orðaðar þannig að virðingar sé gætt fyrir öllum aðilum.
- Tölvu- og netbúnaður: vélar í fartölvuveri virka mjög illa, nemendur vantar aðgang að prentara, BYOD virkaði ekki alltaf vel og tók langan tíma að fá þá afgreiðslu

Stjórnendur tóku eftir því að nemendur kvörtuðu minna en áður yfir þjónustu matsölunnar og er almenn ánægja með að Skólamatun muni áfram þjónusta skólann. Nánar má lesa um matsölu nemenda [fyrir í ársskýrslunni](#).

ÁHERSLUR 2016-2017: NEMENDUR, NÁMIÐ

Stefnt var að því að vinna að eftirfarandi atriðum:

1. Öflugri umsjónarkennsla.
2. Skýrir verkferlar í nemendavernd þróaðir: viðvera, líðan, nám og félagslíf.

3. Læsi: skimanir festar í sessi, úrræði í kjölfar skimana skilgreind í lestrarstefnu.

1. Eitt af mikilvægustu verkefnum umsjónarkennara er að fylgjast með viðveru nemenda og halda góðum samskiptum við forráðamenn um skólaskylduna. Námfús var áfram notaður til að skrá viðveru en illa gekk að fá hjá forritinu skýr yfirlit um stöðu mála. Þessi skortur á góðu yfirliti olli því að yfirsýn um stöðu mála var ekki nógu góð og samskipti umsjónarkennara við deildarstjóra og forráðamenn um ferli mála komust ekki í viðunandi horf. Af þessum ástæðum var ákveðið að gera verulegar breytingar: hætta að nota Námfús og taka upp Innu í staðinn í þeirri von að yfirlit um viðveru nemenda sé skýrara þar.

Annað vandamál sem við var að glíma í umsjónarkennslunni var að vinna lífsleikninámskrá skólans samhliða öðrum verkum umsjónarkennara. Umsjónarkennarar unnu að sameiginlegum kennsluáætlunum en erfitt var að koma verkefnum fyrir vegna þess að einstaklingsmál nemenda og verkefni sem stjórnendur settur á dagskrá riðluðu ítrekað áætlunum. Ákvörðun var því tekin um að færa lífsleikniþætti í 9. og 10. bekk út í fagdeildir og tók samfélagsfræðideildin við ábyrgð á stórum hluta þessara hæfnipátta. Í 8. bekk verður umsjónartíminn áfram heil kennslustund og áhersla lögð á hópefli og að styrkja sjálfsmynd. Í 9. og 10. bekk verður umsjónartíminn hálf kennslustund frá haustinu 2017 og í staðinn bætist við heil kennslustund í samfélagsfræði í 10. bekk.

Í tengslum við forvarnaviku Garðabæjar í október 2016 tóku allir starfsmenn skólans námskeið um samskipti og bekkjarbrag hjá Vöndu Sigurgeirsdóttur. Námskeiðið var afar vel heppnað og starfsmenn báðu um meiri fræðslu af þessu tagi. Vanda mun því halda annað og ítarlegra námskeið fyrir alla kennara í ágúst 2017 og er það hugsað til að efla hæfni kennara til að taka á málum einstaklinga á uppbyggilegan hátt og bregðast hratt við neikvæðum samskiptum. Auk þeirra tækja sem Vanda kynnti fyrir kennurum sóttu deildarstjórar í smiðju uppbyggingarstefnunnar til að skerpa á því að allir kennarar vinni uppbyggilega með nemendum í daglegu starfi.

2. Nemendaverndarráð fór yfir verkferla sína og í kjölfarið voru gerðar breytingar á skráningu fundargerða, skýrar var skipað í teymi til að halda utan um flókin mál einstaklinga, og aukin áhersla var lögð á að skrá viðameiri mál í skjalavistunarkerfið ONE. Þessari þróun verður haldið áfram skólaárið 2017-2018.

3. Vel miðaði áfram við þróun læsisstefnu skólans. Guðný Þóra Friðriksdóttir deildarstjóri námsvers hélt áfram utan um skimanir og greiningar. Skólaárið 2016-2017 var það að hluta unnið í samráði við skóladeild Garðabæjar og þróunarverkefni um læsi í Garðabæ. Nánar má lesa um niðurstöður varðandi læsi nemenda Garðaskóla á árinu í [skýrslu deildarstjóra námsvers](#).

Vel miðaði að skrá læsisstefnu Garðaskóla og tók Ásta Sölvadóttir verkefnastjóri þátt í þeirri vinnu vorið 2017. Starf Ástu var tímabundið en haustið 2017 mun nýr deildarstjóri, Tryggvi Már Gunnarsson, taka við sem fagstjóri í læsi í skólanum. Vinnu við læsisstefnuna verður lokið í samvinnu við hann og birt haustið 2017.

ÁHERSLUR 2016-2017: KENNARAR – KENNSLAN

Stefnt var að því að vinna að eftirfarandi atriðum:

4. Hæfnimiðað nám og námsmat - SKÍN þróunarverkefnið.
5. Endurgjöf á störf kennara efld með innliti stjórnenda og jafningja í kennslustundir og tengingu innlita við starfsmannasamtöl.

4. Kennarar í ensku- og stærðfræðideildum héldu áfram SKÍN samstarfinu við kennara í Hofsstaðaskóla. Aðferðir til að gera hæfniviðmið sýnileg og festa leiðsagnarmat í sessi voru þróaðar enn frekar og fóru að smita út til annarra deilda innan skólans. SKÍN hópurinn hefur unnið mikilvægt brautryðjendastarf til að tryggja farsæla innleiðingu á þeim umfangsmiklu breytingum sem Aðalnámskrá 2011/2013/2015 hafði í för með sér. Á næsta skólaári tekur við þróunarverkefni allra grunnskólanna í Garðabæ til að efla enn frekar leiðsagnarmat í námi nemenda.

5. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri notuðu markvisst gátlista fyrir innlit í kennslustundir sem kennarar og stjórnendur höfðu þróað í sameiningu. Gátlistinn reyndist vel og var gott tæki í samtal stjórnenda og kennara um verklag og vinnubrögð í skólastofunni. Um fjórðungur kennara fékk innlit og endurgjöf en stefnt er að því að allir kennarar fái eitt innlit á ári frá stjórnanda. Erfiðar gengur að ýta undir innlit kennara til hver annarra en áfram verður leitað leiða til að efla slíkan jafningjastuðning í kennarahópnum.



Knattspyrnukeppni nemenda og starfsfólks á vordögum 2017

ÁHERSLUR 2016-2017: STARFSMENN – VINNUMHVERFI

Stefnt var að því að vinna að eftirfarandi atriðum:

6. Betra upplýsingaflæði.
7. Uppbygging upplýsingavers í skólanum.

6. Afar vel gekk að bæta upplýsingaflæði innan skólans. Deildarstjóri verkefna spilaði þar stórt hlutverk. Vikuleg dagskrá var send til starfsmanna á föstudögum og ný upplýsingafla nýtt til að benda á verkefni hvers dags. Stjórnunarteymi festi í sessi fundaskipulag þar sem rými gefst bæði til að horfa á mál í víðum skilningi og ígrunda starfið, en líka til að skipta verkum og ýta áfram dagskrá vinnunnar.

Skólastjóri setti upp tímalínu um verkefni allra þeirra aðila sem koma að stundatöflugerð skólans og undirbúningi fyrir hana. Tímalínan reyndist mjög vel og verkefnið hélt betur áætlan en áður hafði verið.

Til stendur að setja upp nýtt símkerfi í skólanum sumarið 2017 og mun það tryggja betur að hægt sé að ná sambandi við allar skólastofur. Gamla kerfið er að hruni komið og það olli áhyggjum á skólaárinu að sumar kennslustofur voru orðnar símasambandslausar.

Samfélagsmiðlar skólans voru í auknum mæli nýttir til að dreifa fréttum af starfi skólans.

7. Haustið 2016 gekk skólastjóra illa að fá kostnaðaráætlun fyrir uppbyggingu á upplýsingaveri í skólanum. Þetta hafði þær afleiðingar að verkefninu var tryggt fjármögnun vegna hönnunar, en ekki til að hefja framkvæmdir. Skólastjóri gerði alvarlegar athugasemdir við þessa stöðu um mitt vor 2017 enda ótækt að þurfa að horfa upp á bókasafn skólans í of litlu bráðabirgðahúsnæði í tvö skólaár. Skólinn fékk leyfi til að hefja framkvæmdir sumarið 2017 og viðbótarfjármagn síðsumars til að gera ytra byrði rýmisins ásættanlegt til notkunar með kennurum og

nemendum. Mikilvægt er að fjármagn fáið til að innrétta rýmið sumarið 2018, enda er þarna um að ræða uppbyggingu á kennslurými sem ætlað er að virkja alla kosti nútíma tækni og efla menntun nemenda til framtíðar.

Hópur starfsmanna vinnur vel samstilltur að því að móta hugmyndir um útlit upplýsingaversins og starfið sem þar á að fara fram. Samstarf hópsins við arkitekta hefur gengið mjög vel og eignasvið Garðabæjar hefur unnið sinn þátt verkefnisins mjög vel.

BÓKUN 1 Í KJARASAMNINGI KENNARA

Auk þeirra áherslupátta sem settir höfðu verið í upphafi skólaárs var unnið ötullega að því að greina álag í starfi kennara. Sú vinna hófst með bókun í kjarasamningi sem kennarar samþykktu síðla hausts 2016. Fræðslusvið Garðabæjar setti af stað rýnihópastarf þar sem fulltrúar kennara fóru yfir þær áhyggjur sem kennarar hafa af starfsskilyrðum sínum og lögðu fram tillögur um úrbætur í aðgerðaráætlun. Vinnan í Garðaskóla hófst með könnun meðal kennara á fundi 2 janúar 2017. Rýnihópur kennara tók til starfa snemma árs 2017 og var skipaður fulltrúum kennara úr ólíkum fagdeildum. Hópurinn var gagnrýnn og málefnalegur og vann mjög vel að því að setja saman aðgerðaráætlun sem vonir standa til að stýri áherslum varðandi úrbætur á starfsskilyrðum kennara á næstu misserum. Niðurstöðum rýnihópsins var skilað til skóladeildar Garðabæjar 2. júní 2017 og þær má lesa [á vef skólans](#).

ÁHERSLUR 2016-2017: SKÓLASAMFÉLAGIÐ

Stefnt var að því að vinna að eftirfarandi atriðum:

8. Ímynd skólans styrkt með útgáfu fréttabréfs fjórum sinnum á skólaárinu og mánaðarlegum fréttum í ytri fjölmiðla.
 9. Upplýsingaveita um nám nemenda: Námfús þróaður áfram og teymi sett af stað um samvinnu við Advania.
 10. Skólanámskrá birt á vef skólans til að forráðamenn og aðrir hafi þar skýran aðgang að stefnu og verkferlum skólans.
 11. Alþjóðlegt samstarf:
 - a. Erasmus+ á vegum enskudeildar: Frá hugmynd til afurðar.
 - b. Erasmus kennaranámskeið: Velferðarteymi sækir námskeið um forvarnir gegn brottfalli nemenda.
 - c. Dansnámskeið í samstarfi við þýska sendiráðið.
8. Vegna þess hversu fáir virtust lesa rafrænt fréttabréf Garðaskóla var fallið frá því að leggja aukna áherslu á þessa birtingarmynd. Í staðinn var lögð aukin áhersla á að setja reglulega fréttir úr starfi skólans á vefinn og dreifa á samfélagsmiðlum. Einnig var lögð aukin áhersla á að senda fréttir í Garðapóstinn.
9. Námfús er það skólaskráningarkerfi sem Garðaskóli hefur unnið með síðan sumars 2014 og heldur m.a. utan um námsmat nemenda og rafrænt [útskriftarskírteini](#) Menntamálastofnunar sem skólinn notar við útskrift úr 10. bekk. Innleiðing á Námfúsi hefur tekið verulegan langan tíma og mikla orku starfsmanna en kerfið hefur verið í viðstöðulausri þróun sem ekki sá fyrir endann á í vetur. Ákvörðun var því tekin að segja Námfúsi upp og taka upp samstarf við Advania sem heldur úti [Innu](#) sem er m.a. notuð af öllum framhaldskólum landsins. Það verður því haustið 2017 lögð áhersla á undirbúning starfsmanna í þessu nýja kerfi sem og kynningu á því til nemenda og forráðamanna.

Helstu kostir Innu eru: a) örugg vistun gagna; b) traust þróunarsamstarf þar sem teymi starfsfólks hjá Advania býr yfir áralangri reynslu; c) reynsla af viðveruskráningu sem er meira í anda þess sem Garðaskóli stefnir að; d) sama kerfið getur haldið utan um töflugerð og aðra þætti samskiptakerfisins; e) skýr vilji Advania til að þróa utanumhald um námsmat sem uppfyllir kröfur Aðalnámskrár grunnskóla.

10. Ekki tókst að ljúka endurskoðun skólanámskrár og birta hana í heild á vef skólans. Þar eru þó viðamiklir kaflar komnir og má þar helst nefna kaflann um [skólabrag \(Samskipti og skólaandi\)](#) og [námsáætlanir](#). Það er áhyggjuefni að skólastjóra hafi ekki enn tekist að ljúka endurskoðun skólanámskrár og verður full áhersla lögð á að bæta þar úr fyrir áramót 2017-2018.

10. Enskudeild lauk vinnu við verkefni með Evrópskum samstarfsþjóðum þar sem áhersla var lögð á að fylgja afurð frá uppruna til framleiðslu. Nemendur Garðaskóla fjölluðu um ullarvinnslu í sínum verkefnum og vann enskudeildin í nánú samstarfi við textílkennara, myndmenntakennara og forstöðumann bókasafnsins.

Sumarið 2017 fékk samstarfshópur enskudeildarinnar samþykktu umsókn sína um nýtt Evrópskt samstarfsverkefni og fer það af stað haustið 2017. Í því verður fjallað um tengsl listsköpunar, sagnaarfs og markaðsmála.

Námsráðgjafar og deildarstjóri námsvers sóttu vorið 2017 námskeið á vegum Erasmus samstarfsins sem fjallaði um leiðir til að hindra ótímabært brottfall ungmennta úr skóla.

Talsverð vinna var lögð í að skipuleggja námskeið með þýskum danskennara og var áætlað að af því yrði á vordögum 2016. Verkefnið féll hins vegar niður vegna þess að nemendur sýndu því ekki áhuga og skráðu sig ekki til leiks.



8. bekkingar í myndmennt

NÝTT NÁMSMAT – NÝ HUGSUN Í NÁMSMATI

Vorið 2017 átti innleiðingu [Aðalnámskrár](#) 2011/2013 með breytingum 2015 að vera lokið og var unnið hörðum höndum að því að námsmat í öllum árgöngum í Garðaskóla væri í þeim anda sem námskráin gerir ráð fyrir. Markvisst var unnið með nýja hugsun í námsmati frá byrjun skólaárs og var áhersla lögð á að skerpa á

leiðsagnarmati og matsviðmiðum námsgreina og kynna þau fyrir nemendum. Margar fagdeildir lögðu megin áherslu á að skilgreina matsviðmið fyrir einstaka verkefni sem og að kynna þau fyrir nemendum og forráðamönnum. Fagkennarar lögðu mikla vinnu í að skoða hvaða hæfniviðmið væru til grundvallar í þeim námsgreinum sem þeir kenndu og voru þau tilgreind í öllum kennsluáætlanum sem birtust á vef skólans: [kennsluáætlanir](#)

Áfram var lögð áhersla á að allar kennsluáætlanir fyrir nám nemenda í 10. bekk uppfylltu öll skilyrði Aðalnámskrár og að nemendur fengju einkunnir fyrir einstök verkefni, jafnt sem lokaekunnir í hverri faggrein, í bókstöfum. Lagt var upp með að einkunnir visuðu til stöðu nemandans gagnvart [matsviðmiðum Aðalnámskrár](#) sem eru nánar útfærð í kennsluáætlunum Garðaskóla og fjölda verkefna sem nemendur ynnu í skólanum. Árangur nemenda í kennslustundum og verkefnavinnu var birtur í verkefnabók í Námfúsi. Skólaekunn var samsett úr vægi einkunna sem voru í verkefnabókinni.

Ákvörðun var tekin um að hafa allt skólaárið undir í námsmati í stað tveggja anna áður. Það var gert ekki síst með það fyrir augum að ýta undir þróun leiðsagnarmats í námsgreinum skólans. Almenn ánægja kennara var með þá ákvörðun og verður sami háttur hafður á skólaárið 2017-2018.

Sú nýjung var innleidd að sérstakur sjúkraprófsdagur var einu sinni í viku til að koma til móts við kennara sem lögðu fyrir próf og nemendur þeirra sem mættu ekki í prófin af mismunandi ástæðum. Nýting sjúkraprófa fór úr böndunum og ljóst var að fjölmargir nemendur nýttu sér þennan sjúkraprófsdag en ekki eins og hann var upphaflega hugsaður. Í stað þess að sjúkraprófið væri nýtt úrræði vegna óhjákvæmilegra forfalla bar talsvert á því að nemendur ákváðu að fresta próftöku án þess að hafa skýrar ástæður fyrir því. Álag á starfsmenn sem héldu utan um sjúkraprófin varð mjög mikið. Víst er að sjúkraprófstilboð kemur sér vel bæði fyrir nemendur og kennara en skerpa þarf á hvernig nýtingin er ætluð.

Kennarar ensku- og stærðfræðideilda tóku áfram þátt í SKÍN verkefninu þar sem unnið var að þróun leiðsagnarmats og innra mats í skólanum. Þrátt fyrir að leiðsagnarmat hafi þróast á skólaárinu er greinilegt að þörf er á að styðja betur við kennara í inneiðingu á þess ásamt því að skerpa áherslur á lykilhæfni og grunnþætti menntunar í námsgreinum skólans. Grunnskólar Garðabæjar munu vinna sameiginlega að þróunarverkefni á þessu sviði á næsta skólaári.

Nánari upplýsingar um námsmat í Garðaskóla má nálgast á vef skólans:

<http://gardaskoli.is/namid/namsmat/>

Ingibjörg Anna Arnarsdóttir


LÆSI Í GARÐASKÓLA

Logos lestrarskimanir: Guðný Þóra Friðriksdóttir sérkennari og deildarstjóri námsvers lagði Logos lestrarskimun fyrir nemendur í 9. bekk á haustmisseri 2016. Þeir sem voru með formlega lestrargreiningu voru ekki teknir í skimun. Þetta er annað árið sem Logos greiningartækið er notað til að skima fyrir lesblindu. Forráðamönnum, þeirra nemenda sem sýndu árangur undir viðmiðunarmörkum í skimuninni var boðin frekari greining á lestrarerfiðleikum barna sinna.

Skimaðir voru 137 nemendur af 165 nemendum sem fæddir eru 2002 og stunda nám í Garðaskóla. Nemandi var látinn lesa texta (Logos stig 8) og svara spurningum úr textanum. Ef frammistaða nemandans fór yfir viðmið (hundraðsröðun 30) bæði í leshraða og lesskilningi mátti nemandi fara áfram án frekari athugana. Ef nemandi fór undir viðmið annað hvort í leshraða eða lesskilningi (hundraðsröðun undir 30) eða í báðum prófpáttum þá voru lestraraðferðirnar prófaðar (lestur með hljóðaaðferð og lestur út frá rithætti). Allir nemendur tóku Logos stafsetningarhlutann.

Niðurstöður:


- 65 nemendur sýndu eðlilega færni í öllum prófpáttum
- 35 nemendur sýndu veikleika í lesskilningshluta prófsins.
- 3 nemendur sýndu veikleika bæði í leshraða og lessk. en lestraraðferðir í lagi.
- 7 nemendur sýndu veikleika í leshraða.
- 5 nemendur sýndu veikleika í stafsetningu.
- 3 nemendur fóru ekki í skimun vegna tungumálaerfiðleika.
- 5 nemendur sýndu veikleika í lestri sem rakinn var til tvítyngis, langrar búsetu erlendis og fl.
- 25 nemendur fóru ekki í skimun/ voru með greiningu á dyslexíu.
- 17 nemendur sýndu veikleika í lestraraðferðunum. Haft var samband við forráðamenn þeirra og boðið upp á frekari greiningu. Tilboði um greiningu var hafnað í tveimur tilfellum en fimmtán nemendur fóru í Logos lestrargreiningu. Af þeim fengu tíu nemendur greiningu á dyslexíu, tveir nemendur fengu greiningu á sértækum lesskilningsvanda og þrír nemendur reyndust ekki uppfylla greiningarviðmið fyrir dyslexíu og teljast ekki lesblindir.



Logos lestrargreiningar: Lagðar voru fyrir alls 39 Logos lestrargreiningar á skólaárinu, 19 endurgreiningar (nemendur sem voru með gamlar greiningar frá fyrri grunnskóla árum) og 20 frumgreiningar en þá hafa nemendur aldrei farið áður í lestrargreiningu. Á biðlista í lok skólaársins 2016-2017 eru 15 nemendur en þeir hafa allir fengið greiningu áður og njóta þeirrar þjónustu sem lesblindir hafa rétt á.

Orðalykill: Í september 2016 tóku allir nemendur fæddir 2003 sem stunda nám í Garðaskóla próf sem nefnist Orðalykill. Sama próf verður lagt fyrir nemendur áður en þeir ljúka grunnskólagöngu sinni með það fyrir augum að meta framfarir. Orðalykill er staðlað orðaforðapróf sem er ætlað að meta orðaforða nemenda á grunnskólaaldri. Nemendur eiga að útskýra 55 íslensk orð. Allir nemendur árgangsins tóku prófið þ.e. 173 nemendur. 129 nemendur eða 75 % nemenda ná ekki meðalorðaforða þar af eru 29 nemendur sem eru teljast með slakan orðaforða. 44 nemendur eða 25% nemenda hafa góðan orðaforða.

Orðalykill niðurstöður nemendur fæddir 2003




- Nemendur með slakan orrðaforða, útskýrðu 13 orð eða færri
- Nemendur sem ná ekki meðalorrðaforða, útskýrðu fleiri en 13 orð en færri en 28 orð
- Nemendur sem hafa góðan orrðaforða, útskýrðu 28 orð eða fleiri

Lesfimiþróf frá Menntamálastofnun: Í maí 2017 var lagt fyrir alla nemendur í 8. og 9. bekkjum Garðaskóla lesfimiþróf sem ætlað var að mæla leshraða þeirra. Lesfimiþrófin eru unnin af Menntamálastofnun og eru stöðluð miðað við aldur nemenda. Þetta var fyrsta fyrirlögn lesfiminna í Garðaskóla. Niðurstöður eru skráðar í svokallaðan lesferil. Hugmyndin er sú að hver og einn nemandi eigi sinn lesferil og að hann spanni tímabilið frá þriggja til sextán ára aldurs. Næsta vetur er ætlunin að leggja meiri áherslu á lestur og lesskilning og því mjög gagnlegt fyrir nemendur, foreldra og kennara að geta fylgst með lestrarframvindunni.

Einn af hverjum þremur nemendum sem fæddir eru 2002 og 2003 ná ekki lágmarksviðmiðunum Menntamálastofnunar og stór hluti þeirra ná ekki almennum viðmiðum. Örfáir nemendur ná metnaðarfullum viðmiðum. Þegar niðurstöður lesfimiþrófanna eru skoðaðar í heild sinni sést glögg að nauðsynlegt er að bregðast við og vinna markvisst að því að auka lesfimi nemenda. Á næsta skólaári verða lesfimiþróf Menntamálastofnunnar lögð fyrir alla árganga í september, janúar og maí og niðurstöður skráðar í lesferil.

Myndin hér að neðan sýnir dreifingu á árangri nemenda í Garðaskóla í samanburði við viðmið Menntamálastofnunnar.

Æskileg dreifing nemenda skv. MMS



Mynd: Tryggvi Már Gunnarsson

Yndislestur: Yndislestur, þar sem nemendur og kennarar lesa á hverjum degi í 20 mínútur, hélt áfram með sama fyrirkomulagi og á síðasta skólaári. Lestrinum er ætlað að skapa meiri lestrarstemningu, stuðla að auknum lestri og efla áhuga og lestrarfærni nemenda. Yndislesturinn gekk misvel milli námshópa og virðist viðhorf kennarans skipta mestu máli. Það skiptir miklu máli að kennarinn lesi á bók en vinni ekki í tölvunni í yndislestrarstundum. Svo viðist sem fjarað hafi undan yndislestrinum í lok vetrar og honum ekki sinnt sem skyldi.

Skipulag yndislestrar næsta skólaár: Ákvörðun var tekin, eftir umræðu í Skólaráði, að breyta fyrirkomulagi yndislesturs og festa yndislestartíma í stundatöflu í stað þess að taka tímann af öðrum faggreinum. Yndislestur verður þá kenndur í 20 mínútur á dag, en aðrar kennslustundir stytta úr 60 mínútum í 55 til að koma þessu mikilvæga verkefni betur fyrir.

Tíminn verður allaf á sama tíma, nemendur lesa í umsjónarhópum og umsjónarkennari annast kennsluna. Lagt er upp með að hver og einn nemandi setji sér lestrarmarkmið í því skyni að bæta leshraða sinn. Tekið verður mið af niðurstöðum lesfimiþróa Menntamálastofnunar sem nemendur taka þrisvar yfir skólaárið en þessi próf sýna glöggst stöðu nemenda í lestri. Niðurstöður úr öðrum greinandi prófum s.s. Orðalykli og Logos skimun sýndu einnig fram á veikleika í orðaforða og lesskilningi nemenda. Lögð verður meiri áhersla á samvinnu og samstarf milli heimilis og skóla. Þeir nemendur sem ná ekki lágmarksviðmiðunum í lestri fá sérkennslu.

Sameiginlegt verkefni skóla í Garðabæ: deildarstjóri námsvers sat í vetur, annað annað árið í röð, í vinnuhópi sem samanstendur af sérkennurum og fleiri aðilum úr öllum skólum í Garðabæ. Katrín Friðriksdóttir yfirmaður skóladeildar fór fyrir hópnum. Vinna hópsins fólst í því að ræða um og ákveða hvernig skapa mætti samfellu í skimunum og greiningum á læsi í leik- og grunnskólum Garðabæjar.

Þróunarverkefni: Guðný Þóra deildarstjóri námsvers og Hildur kennsluráðgjafi í upplýsinga og tæknimennt fengu styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ fyrir skólaárið 2016-2017 til að vinna að verkefninu „*Láttu tæknina vinna með þér*“. Verkefninu er formlega lokið með skýrslu til skólaskrifstofu. Markmið verkefnisins voru að fræða nemendur, kennara og foreldra um lesblindu og áhrif hennar á nám og starf. Lögð var áhersla á að nemendur tæku ábyrgð á námi sínu og nýttu snjalltækni til að lágmarka áhrif lesblindunnar á dagleg verkefni. Kennsluráðgjafi í upplýsinga og tæknimennt hefur í vetur boðið lesblindum upp á ráðgjöf varðandi upplýsingatækniverkfæri. Deildarstjóri námsvers og kennsluráðgjafi hafa komið sér upp sérstöku vinnuferli þar sem nemandi og foreldri/foreldrum er boðin þessi þjónusta í kjölfar lestrargreiningar eða sálfræðimats. Mikilvægt er að aðstandandi nemandans sé með í þessu viðtali til að ráðgjöfin skili sér inn á heimilið og nýtist betur. Þetta vinnuferli er orðið mikilvægur hlekkur í stuðningsþjónustu skólans.

Guðný Þóra Friðriksdóttir, deildarstjóri námsvers

ÁFALLARÁÐ

Í áfallaráði sátu að venju skólastjóri, ritari, umsjónarmaður fasteignar, náms- og starfsráðgjafar, forstöðumaður Garðalundar og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess hefur Vigdís Björk Agnarsdóttir þroskaþjálfari verið ráðgjafi um ýmis mál. Vigdís sá áfram um að yfirfara skyndihjálpartöskur skólans í góðu samstarfi við skólahjúkrunarfræðing.

Rýmingaræfing var ekki haldin á árinu. Helsta ástæða var að langan tíma tók að fara yfir rýmingarmyndir í húsinu og ekki gekk að tengja síma í öllum kennslustofum, en örugg samskipti út í allar stofur er eitt af því sem áhersla er lögð á að sé í lagi við undirbúning rýmingaræfingar. Nýtt símkerfi kemur vonandi í veg fyrir að þetta verði vandamál á næstu misserum.

ÁRSSKÝRSLUR DEILDA

Seinni hluti ársskýrslunnar samanstendur af skýrslum fagstjóra, deildarstjóra, náms- og starfsráðgjafa og forstöðumanna skólasafns og Garðalundar. Þessar skýrslur segja frá daglegu starfi skólans og leggja á það mat.

SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA

Deildarstjórar á sviði verkefna og nemendamála voru tveir á skólaárinu; Kristian Guttusen deildarstjóri verkefna og Ásta Huld Henrysdóttir deildarstjóri nemendamála.

Deildarstjóri verkefna heldur utan um dagskrá skólastarfs og upplýsingaflæði, er tengiliður allra aðila innan skólans, sér um skipulag og verkefnastjórn á uppbrotsdögum og um skipulag og verkefnastjórn gesta og sérverkefna. Þá sér hann um skipulag prófa og er tengiliður við Menntamálastofnun vegna samræmdra prófa. Einnig er hann tengiliður við Tungumálaver.

Deildarstjóri nemenda heldur utan um öll mál nemenda, verkstýrir umsjónarkennurum og sér um utnumhald um viðveru, námsframvindu og líðan nemenda. Þá sér hann um samstarf við forráðamenn og skipulag samráðsfunda umsjónarkennara með nemendum og aðstandendum.

Starf deildarstjóra á sviði verkefna og nemendamála er margþætt en að sama skapi ólíkt. Þeir vinna með og aðstoða í margvíslegum málum í samvinnu og samráði við deildarstjóra námsvers og skólastjórnendur, kennara, forráðamenn, námsráðgjafa og aðra fagaðila skólans. *Deildarstjóri nemendamála* sér m.a. um röðun nemenda í bekkjardeildir í 8. bekk og hefur umsjón með töflubreytingum. Hann situr skilafundi vegna nemenda sem koma í 8. bekk. Þá fundi sitja einnig fyrrverandi umsjónarkennarar, deildarstjórar og sérkennarar nemenda í 7. bekkjum. Í samráði og samvinnu við námsráðgjafa sér deildarstjóri nemendamála um móttöku nýrra nemenda í skólann. Hlutverk umsjónarkennara er viðamikil og styðja deildarstjórar við starf þeirra, skipuleggja og sitja reglulega fundi þar sem starfið er undirbúið og samræmt. *Deildarstjóri verkefna* fylgist með skólasókn og ástundun nemenda og bregst við með viðeigandi aðgerðaráætlunum þegar þörf er á.

Deildarstjóri nemendamála stjórnar samráðsfundum með forráðamönnum nemenda þegar ástæða þykir til. Hann skipuleggur kynningu á skólastarfinu fyrir forráðamönnum og nemendum sem hafa sótt um skólagöngu í Garðaskóla. Auk kennara- og starfsmannafunda sem deildarstjóri nemendamála undirbýr með skólastjórnendum, fundar hann reglulega með öðrum stjórnendum skólans og námsráðgjöfum. Þá situr *deildarstjóri nemendamála* einnig samráðsfundi með öðrum sérfræðiaðilum skólans á lögbundnum nemendaverndarráðsfundum.

Deildarstjóri nemendamála vinnur náið með deildarstjóra námsvers að skipulagningu og framkvæmd sérúrræða fyrir einstaklinga, smærri og stærri hópa. Í ákveðnum tilvikum eru myndaðir litlir hópar nemenda sem þurfa mikinn og sértækan stuðning. Í samráði við skólastjórnendur sjá deildarstjórar á sviði verkefna og nemendamála um að undirbúa skólasetningu og skólaslit, skipuleggja þema- og uppbrotsdaga hvort heldur sem er vegna annaruppbrota, forvarnardagskrár, kannana eða annarra tilfallandi viðburða. *Deildarstjóri verkefna* skipuleggur prófadaga og er prófstjóri á formlegum prófdögum. *Deildarstjórar á sviði verkefna og nemendamála* vinna í nánú samstarfi við félagsmiðstöðina Garðalund og má þar nefna skipulag ferðalaga og ýmissa viðburða.

Samstarf við sérfræðiaðila. Deildarstjórar á sviði verkefna og nemendamála starfa í nánú samstarfi við marga sérfræðiaðila innan og utan skólans. Samstarf við skólahjúkrunarfræðing fer m.a. fram á samráðsfundum nemendaverndarráðs og er mikilvægur þáttur í líðan nemenda. Deildarstjórar og aðrir starfsmenn sem tengjast nemanda eru honum innan handar í sambandi við upplýsingagjöf um nemendur. Deildarstjóri nemendamála hefur einnig verið í samstarfi við barnaverndaryfirvöld, sem er mikilvægt og hluti af því að styrkja og bæta líðan nemenda. Námsráðgjafar og deildarstjórar vinna náið saman að því sameiginlega markmiði að bæta líðan nemenda og er það samstarf afar mikilvægur þáttur í meðferð og við úrlausn nemendamála.

Umsjón. Í Garðaskóla er lögð áhersla á gott utnumhald við nemendur. Umsjónarkennarar hitta nemendur sína í vikulegum umsjónartíma. Lífsleiknikennsla skólans var að miklu leyti sett í umsjónartímana. Auk þessa var umsjónartíminn nýttur í yfirferð skólasóknar, mikilvægum skilaboðum var komið á framfæri og farið yfir málefni líðandi stundar. Kannanir voru lagðar fyrir í umsjónartímum auk ýmissa gestaverkefna sem annað hvort fóru inn í hvern bekk eða voru flutt á sal skólans fyrir árganginn í heild. Í umsjónartímum var lögð áhersla á góðan bekkjaranda til að skapa jákvæðan skólabrag. Í kennsluáætlunum á heimasíðu skólans er gerð grein fyrir hæfniviðmiðum og lykilhæfni sem stefnt var að í umsjónartímum. Tímasetning umsjónartímanna 2016-2017 var á þann hátt að allar bekkjardeildir voru að öllu jöfnu með umsjónartíma á sama tíma dags, hálfu stund 8:40 á mánudagsmorgnum og hálfu stund 8:40 á fimmtudagsmorgnum. Ef ástæða þótti til var hægt að hnika tímumum þannig til að á öðrum af þessum dögum yrði tvöföld umsjón og félli hún þá niður hinn daginn. Þetta skipulag umsjónartíma er breyting frá því sem áður var. Með því að hitta umsjónarnemendur sína tvisvar í viku má færa rök fyrir því að umsjónarkennari efli tengslin við umsjónarnemendur sína, en á móti er hætt við að lítið verði úr verki þegar einungis er hálf tími til stefnu. Framan af vetri ágerðust raddir um að nemendur og umsjónarkennarar sáu lítinn tilgang með hálf tíma umsjónartímum. Stjórnendur brugðust við með að skerpa á efni umsjónartíma, umsjónarkennarar fengu skýrari fyrirmæli frá deildarstjóra nemendamála um framkvæmd umsjónartíma og leitast var við að umsjónarkennarar tengdust skipulagi umsjónartímanna með skýrari hætti. Þegar litið er yfir veturinn er ljóst að í framangreindum atriðum þarf er úrbóta þörf og verða gerðar frekari breytingar á skipulagi umsjónartíma á næsta vetri.

SKÓLASÓKN OG ÁSTUNDUN NEMENDA

Ástundun og vinnuferlar. Garðaskóli leggur áherslu á að nemendur stundi nám sitt af festu og sæki skóla sinn vel. Góð skólasókn er lykill að góðum námsárangri. Deildarstjórar og annað starfsfólk leggja höfuðáherslu á þetta við alla nemendur og fylgjast daglega með skólasókninni. Undanfarin ár hefur það færst í aukana að beðið er um leyfi fyrir nemendur af ýmsum ástæðum. Mikil ábyrgð fylgir því að taka leyfi á skólatíma. Það gerir miklar kröfur um skipulag á viðkomandi nemanda og eykur álagið í skólanum þegar úr fríinu er komið.


Ef upp koma tilvik þar sem skólasókn er ábótavant er gripið til verkferla og nemendur aðstoðaðir við að koma málum sínum í réttan farveg. Umsjónarkennarar halda utan um skólasókn umsjónarnemenda sinna og ræða við þá um það sem út af ber. Deildarstjóri verkefna sendi forráðamönnum vikulegt yfirlit skólasóknar og ástundunar í gegnum Námfús. Ef vanhöld eru á skólasókn eru forráðamenn kallaðir til ábyrgðar.

Allt utnumhald um skólasókn og ástundun er unnið í samræmi við Lög um grunnskóla nr. 91/2008 gr. 3, 15 og 19 og reglugerð um ábyrgð og skyldur allra aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 gr. 3, 4 og 5. Í þeim tilvikum þar sem aðgerðaráætlanir bera ekki árangur eru mál tilkynnt fræðslu- og barnaverndaryfirvöldum sem grípa inn í og aðstoða hlutaðeigandi eins og þurfa þykir.


Á skólaárinu 2016-2017 voru nokkrir hnökrar á utnumhaldi um viðveru nemenda. Skráning á leyfum og veikindum var alfarið sett á herðar ritara og olli þetta talsverðu álagi á skrifstofu skólans. Verkaskipting milli umsjónarkennara og deildarstjóra við utnumhald og eftirfylgni viðverumála var ekki nægilega skýr og því komu upp tilvik þar sem of seint var gripið inn í mál sem þörfuðust athugunar. Hluti af vandanum var hversu erfitt var að fá yfirlit um viðveru í skólaskráningarkerfinu. Full áhersla verður lögð á að lagfæra þessa vankanta haustið 2017.

Ástundunareinkunn. Veikindi og leyfi hafa ekki áhrif á ástundunareinkunn, hún sýnir því ekki í öllum tilfellum rétta mynd af viðveru nemenda. Hér að neðan getur að líta samantekt á skólasókn og ástundun eftir árgöngum. Þess ber að geta að það telur drjúgt í tölum um fjarveru nemenda að færst hefur í aukana að nemendur geti ekki sótt skólann vegna veikinda af ýmsum toga. Þegar nemendur eru orðnir nokkrir í þessari aðstöðu hefur það fljótt áhrif á heildartöluna og samantektina á árgöngunum.

Skólasókn og ástundun nemenda í 8. bekk. Meirihluti nemenda í 8. bekk eða um 86% eru með góða eða frábæra skólasókn (8-10 í einkunn) miðað við allt skólaárið sem er ásætlanlegt. Dreifing ástundunareinkunnna í 8. bekk á skólaárinu 2016-2017 var eins og eftirfarandi mynd sýnir:




Ástæður fjarveru nemenda í kennslustundum koma til m.a. vegna veikinda, leyfa eða óútskýrðra fjarvista. Mikil fjarvera hefur truflandi áhrif á framvindu námsins. Fjarvera nemenda var eins og eftirfarandi mynd sýnir:




Það vekur athygli að veikindadögum fjölgar um 49% á vorönn og þar fyrir utan fjölgar veikindum í stökum kennslustundum um 45%. Aukning er einnig í leyfisbeiðnum eða um 54% í dögum talið og um 23% fyrir einstakar kennslustundir. Þessa aukningu má hugsanlega að einhverju leyti skrifa á leyfisdag á kringum fermingar svo og vegna skíðaferða eða annarra ferða með foreldrum. Ólögðmætum/óútskýrðum fjarvistum hefur fjölgað um 43% frá haustönninni. Það verður þó að segjast að slaka skólasókn má, eins og á fyrri árum, skrifa á örfáa nemendur sem hefur mikil áhrif á heildarmyndina. Fram skal tekið að meirihluti nemenda stendur sig ágætlega og stundar nám sitt af metnaði.

Skólasókn og ástundun nemenda í 9. bekk. Um 78% nemenda í 9. bekk eru með góða eða frábæra skólasókn miðað við allt skólaárið. Dreifing skólasóknareinkunnna í 9. bekk á skólaárinu 2016-2017 var eins og eftirfarandi mynd sýnir:




Fjarvera nemenda var eins og eftirfarandi mynd sýnir:




Veikindadögum frá haustönn fram á vorönn fjölga um 52% sem er gríðarleg aukning og þar fyrir utan fjölga veikindum í stökum kennslustundum um 17%. Aukningin þó enn meiri í leyfisbeiðnum eða 229% í dögum talið, hvorki meira né minna, á meðan beiðnum fækka lítillega, eða um 6%, séð miðað við kennslustundir – og er fjöldinn umtalsverður á báðum önnum. Þó má, eins og í 8. bekkjunum, að einhverju leyti skrifa á leyfi vegna skíðaferða eða ferða með foreldrum. Þá hefur að sama skapi færost í vöxt að forráðamenn biðji um leyfi vegna ferðalaga og skýrir það eitthvað. Fjöldi óútskýrðra/ólögmætra fjarvista fjölga einnig á vorönn en nauðsynlegt er að fækka þeim. Þess verður, eins og með aðra árganga, að geta að lítill hópur nemenda er með slæga skólasókn

sem hefur áhrif á heildarmyndina. Áfram er mikilvægt er að halda vel utan um skólasókn árgangsins og grípa strax inn í að hausti.

Skólasókn og ástundun nemenda í 10. bekk. Meirihluti nemenda í 10. bekk eða 85% eru með góða eða frábæra skólasókn miðað við skólaárið. Dreifing skólasóknareinkunna í 10. bekk á skólaárinu 2016-2017 var eins og eftirfarandi mynd sýnir:



Fjarvera nemenda var eins og eftirfarandi mynd sýnir:



Veikindadögumum frá haustönn fram á vorönn fjölga um 52%, sem er jafnmikil aukning og varð í 9. bekk, en veikindum í stökum kennslustundum fjölga aðeins um 1% en eru þó óneitanlega margir. Fjölgun leyfisfjölga er gríðarleg eða 267%. Eins og í hinum árgöngum tveimur má e.t.v. skrifa þessar leyfisbeiðnir á skíðaferðina á vegum Garðalundar og/eða ferða með forráðamönnum. Ólögðum/óútskýrðum fjarvistum fjölga um 77% og er það áhyggjuefni. Góð skólasókn skiptir máli upp á inngöngu í framhaldsskóla og tryggja örugga stöðu á vinnumarkaði í framtíðinni.

VIÐBURÐADAGATAL SKÓLAÁRSINS

Hér má sjá viðburðadagatal skólaársins 2016 - 2017. Helstu viðburðir og annað er tengist skólastarfinu er skráð í eftirfarandi töflu. Listinn er alls ekki tæmandi en gefur ákveðna mynd af starfsemi skólans.

Haustönn 2016		
	11.-22. ágúst	• Símenntunar- og skipulagsdagar • Kynningarfundur fyrir aðstandendur 8. árg 22. ágúst
Vika 1	23.-26. ágúst	• Fyrsti kennsludagur 23. ágúst
Vika 2	29.ág.-2. september	
Vika 3	5.-9. september	• Námskynningar fyrir aðstandendur 8. sept
Vika 4	12.-16. september	• Skipulagsdagur 16. sept
Vika 5	19.-23. september	
Vika 6	26.-30. september	• Tækni til stuðnings lesturs í 8.b. 27., 28. og 30. sept
Vika 7	3.-7. október	• Menntakvika 7. okt
Vika 8	10.-14. október	• Forvarnarvika Garðabæjar • Samráðsfundur umsjónarkennara við nemendur og aðstandendur 11. okt • Fræðsluerindi vorvarnarviku 11. okt
Vika 9	17.-21. október	
Vika 10	24.-28. október	• Skipulagsdagur & Menntabúðir Garðabæjar 24. okt.
Vika 11	31. okt.-4. nóvember	• Blátt áfram 8. bekkur 2. nóvember • Sameiginlegir fagfundir með grunnskólum í Rvk. 31. okt
Vika 12	7.-11. nóvember	• Gagn og gaman, þemadagar í Garðaskóla • Baráttudagur gegn einelti 8. nóv. Allir árgangar. • 50 ára afmæli Garðaskóla 11. nóv. Hátíðardagskrá. • Opið hús í tilefni af 50 ára afmæli Garðaskóla, 12. nóv
Vika 13	14.-18. nóvember	• Dagur íslenskrar tungu 16. nóv
Vika 14	21.-25. nóvember	
Vika 15	28. nóv.-2. desember	• Skipulagsdagur 30. nóv
Vika 16	5.-9. desember	
Vika 17	12.-16. desember	• Starfamessa 10. árg. 13. des • Jólamatúr í hádeginu. Allir árg. 14. des • Marita 9. bekkur. 15. des.
Vika 18	19.-20. desember	• Jólaskemmtun. 20. des

Vorönn 2017		
Vika 1	2.-6. janúar	• Skipulagsdagur 2. jan.
Vika 2	9.-13. janúar	• Samráðsfundur umsjónarkennara við nemendur og aðstandendur 11. jan.
Vika 3	16.-20. janúar	• 10. bekkir: Tækniskólinn 19. og 20. jan
Vika 4	23.-27. janúar	
Vika 5	30. jan.-3. febrúar	• Dagur stærðfræðinnar 3. feb
Vika 6	6. - 10. febrúar	• Sameiginlegir fagfundir í Garðabæ 7. feb. • Tónleikar: Ari Eldjárn og Sinfó. Allir árg. 8. feb • Ungt fólk könnun

Vika 7	13. - 17. febrúar	- Valgreinakynningar fyrir aðstandendur og nemendur í 8. og 9. bekk 16. feb - Skólatónleikar 17. feb
Vika 8	20. - 24. febrúar	Vetrarfrí
Vika 9	27. feb.- 3. mars	SAFT fræðsla í 8. bekk. Vika 9
Vika 10	6.-10. mars	- Samræmd próf í 9. og 10. bekk. 7.-10. mars - Skíðferð 8. bekkja. 7. mars
Vika 11	13.-17. mars	- Starfskynningar í 10. bekk. 13.-15. mars - Skólahreysti undankeppni 14. mars - Framhaldsskólakynningar í 9. og 10. bekk. 17. mars
Vika 12	20.-24. mars	Skíðferð Garðalundar f. 9. og 10. bekk. 22.-26. mars
Vika 13	27.-31 mars	
Vika 14	3.-7. apríl	- Tölum saman fræðsla í 8. bekk. 3.-7. apríl - SKÍN vinnustofur. 6. apr
Vika 15	10.-14. apríl	Páskafrí
Vika 16	17.-21. apríl	- Annar í páskum, 17. apr - Sumardagurinn fyrst, 20. apr
Vika 17	24.-28. apríl	Foreldrafræðsla um málefni sem varða kynlíf og kynhgegðun 26. apríl
Vika 18	2. - 5. maí	Árshátíð Garðaskóla. 3. maí
Vika 19	8. - 12. maí	
Vika 20	15. - 19. maí	Vorpróf 18.-19. maí
Vika 21	22. - 26. maí	- Vorpróf 22.-24. maí. - Uppstigningardagur, 23. maí - Skipulagsdagur 24. maí
Vika 22	29.maí-2. júní	- Verum ástfangin af lífinu, Þorgrímur Þráinsson 10.b. 29. maí - Team Spark, ferilskrá, starfsfræðsla 10. árg. 29. maí - Starfskynningar í 8. og 9. bekkjum. 29. maí - Úrvinnsla úr starfskynningum 9. Bekkir. 30. maí - Vorferð 10. bekkja til Vestmannaeyja. 30. maí-1. Jún - Vísindasmiðja HÍ og safnaferðir 8. árg. 30. maí-1. Jún - Vorferð 9. bekkja í Vatnaskóg. 1.-2. júní - Vorferð 8. Bekkja á Stokkseyri. 2. júní - Rauði krossinn, skyndihjálp 10. árg. 2. jún.
Vika 23	6. - 8. júní	- Annar í Hvítasunnu. 5. jún - Göngur allir árgangar 6. jún - Útivistardagar - heilsuefning. - Heilsudagur og vorhátíð 6. jún - Skólaslit 8. og 9 bekkir 7. júní. - Útskrift 10. árg. 7. júní

SKÓLASTARF

Skólastarf Garðaskóla er í föstum skorðum en áhersla er lögð á að hafa skólastarfið eins fjölbreytt og kostur er. Nemendur fá kennsluáætlanir í upphafi hverrar annar sem segja til um framvindu námsins, engu að síður nýtir skólinn það svigrúm sem gefið er til að sinna annars konar skólastarfi. Ýmsar hefðir hafa skapast í skólanum er varða uppbrot og óhefðbundið skólastarf. Öðru hvoru yfir skólaárið er hefðbundin stundaskrá lögð til hliðar og árgöngum blandað í starfi og leik. Vinnumhverfi nemenda er hefðbundið. Nemendur fara milli skólastofa í faggreinakennslustofur.

Ferðalög og uppbrot. Ferðalög, náms- og vettvangsferðir eru fastir liðir í skólastarfinu. Í vetur var farið í stuttar náms- og vettvangsferðir svo og lengri ferðalög í samstarfi við félagsmiðstöðina Garðalund.

Áratugalöng hefð er fyrir því að brjóta upp skólastarfið um miðja haustönn með svokölluðum Gagn og gaman dögum. Gagn og gaman dagarnir voru haldnir 4. - 6. nóvember. Nemendur völdu sér hópa eftir áhugasviði þvert á árganga. Þar koma þeir saman í leik og starfi og styrkja og efla tengslin milli árganga. Allir eru sammála um ágæti og mikilvægi þess að brjóta upp hefðbundið skólastarf á þennan hátt.

Fræðslu- og félagslegt gildi námsferða og ferðalaga er óumdeilt auk skemmtanagildisins. Skíðaferð 9. og 10. árganga til Akureyrar var farin dagana 22. - 26. mars. Stór hluti nemenda fór í ferðina. Skíðaferð 8. árgangsins í Bláfjöll var farin 7. mars, meðan 9. og 10. bekkir þreyttu sín fyrstu samræmdu próf. Þetta fyrirkomulag gafst einkar vel. Kennsla var í boði þann dag fyrir þá sem fóru ekki í skíðaferðina. Vel tókst til bæði með kennsluna og skíðaferðina. Gamalgróin hefð er einnig fyrir vorferðum árganga. Í ár fór 8. árgangurinn í dagsferð í einu lagi. Farið var til Stokkseyrar, farið í leiki, í bobble bolta, í sund og siglt á kajak. Álíka ferðir hafa verið farnar undanfarin vor með 8. árganginn og tekist vel í alla staði. 9. árgangurinn fór í tveggja daga ferð í Vatnaskóg. Í stað hinnar hefðbundinnar Þórsmerkurferðar 10. árgangsins var farið í vel heppnaða þriggja daga ferð til Vestmannaeyja. Þeir nemendur sem ekki fóru í vorferðir voru í öðru skipulögðu starfi í skólanum. Deildarstjórar skipuleggja uppbrotsdagskrá í samráði við nemendur og starfsmenn skólans meðan á þessum ferðum stendur. Þetta vorið voru einnig gönguferðir með umsjónarkennurum, á Helgafell, Esju og í Kaldársel. Þá var farið í safnaferðir 30., 31. maí og 1. júní. Alltaf er eitthvað um það að sumir nemendur vilji frekar vera í leyfum heima við. Við höfum velt ástæðu þess fyrir okkur. Við viljum leggja áherslu á að nám fari ekki einungis fram innan veggja kennslustofunnar. Uppbrotsdagskrá, á borð við göngur og safnaferðir, er skipulögð með það að leiðarljósi að vera allt í senn, fjölbreytt, fræðandi og áhugaverð. Vordagur var hugsaður sem hluti af Heilsuefningardögum og var jafnframt síðasti skóladagur fyrir skólaslit og útskrift. Að því leyti var hann á ýmsan hátt með nýju sniði auk hefðbundinna dagskrárliða. Dagskráin var unnin af heilsuefningarnefnd og í samvinnu við foreldrafélagið. Allir nemendur skólans tóku m.a. þátt í skólahlaupi og keppni var í hverjum árgangi. Þá mættust úrvalslíð kennara og nemenda í fótbolta, sem nemendur unnu eftir vítaspyrnukeppni. Loks kom það í hlut söngvarans Friðriks Dórs að ljúka glæsilegri dagskrá með tónleikum sem hreif alla með, nemendur jafnt sem starfsfólk skólans.

Sem dæmi um verkefni á sviði forvarna má nefna fræðslu frá Marita og Blátt áfram, fyrirlestur frá SAFT um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun, Verum ástfangin af lífinu sem Þorgrímur Þráinsson rithöfundur bauð upp á, Rauði krossinn var með skyndihjálparnámskeið fyrir 10. árganginn og kynningu á störfum sínum fyrir alla árganga og svo mætti lengi telja. Viðburðardagatalið hér að ofan gefur ákveðna mynd af stöðunni.

Starfsfólk Garðaskóla fær bestu þakkir fyrir gott samstarf á liðnu skólaári.

Júní 2017

Ásta Huld Henrysdóttir deildarstjóri nemendamála
Kristian Guttesen deildarstóri verkefna

SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA NÁMSVERS OG VERKEFNA

Starfsfólk og kennsla í námsveri :

Auður Edda Geirsdóttir kennari (stuðningskennsla í 8. bekk bæði stærðfræði og íslenska, sérkennsla íslenska lítill hópur).

Bergljót Böðvarsdóttir kennari (stuðningskennsla í íslensku 8. bekk).

Elías Sólmundarson kennari (stærðfræði í námsveri).

Guðmunda Ó. Jónsdóttir stuðningsfulltrúi (stuðningur við einstaka nemendur og út í bekk).

Guðný Þóra Friðriksdóttir deildarstjóri (stuðningskennsla, lestrarskimanir/greiningar).

Gunnar Hrafn Sveinsson stuðningsfulltrúi (stuðningur við einstaka nemendur og út í bekk).

Helga María Ólafsdóttir kennari (sérkennsla í náttúrufræði/samfélagsfræði, sérkennsla í stærðfræði hægferð).

Karin Milda Varðardóttir þroskajálfi (stuðningur við einstaka nemendur og bekki, félagsfærniþjálfun, umsjón, kennsla og þjálfun nemanda í 8. bekk).

Kristinn Sigurbergsson kennari (stærðfræði í námsveri).

Kristín Sigurleifsdóttir kennari (íslenska sem annað mál/stuðningur við tvítyngda).

Ragnheiður Stephensen kennari (stærðfræði í námsveri).

Ragnhildur Thorlacius kennari (íslenska í námsveri).

Rúna Björk Þorsteinsdóttir kennari (sérkennsla í hægferð í íslensku tveir hópar).

Svandís Ríkhartsdóttir kennari (stærðfræði í námsveri og sérkennsla í stærðfræði hægferð).

Vigdís Björk Agnarsdóttir þroskaþjálfari (stuðningur við nemendur í ensku og dönsku, félagsfærniþjálfun, skipulag/kennsla nemanda í 10. bekk).

Þorkell Jóhannsson kennari (stærðfræði í námsveri).

Þórunn Brandsdóttir stuðningsfulltrúi (stuðningur við einstaka nemendur og út í bekk).

Vinnuaðstaða: Aðstaða námsversins hefur í gegnum árin verið að mestu leyti staðsett á 2. hæð í norðurenda aðalbyggingar skólans. Miklar breytingar urðu síðastliðið haust á aðstöðu námsversins. Aukinn nemendafjöldi við skólann kallar á fleiri kennslurými og báðar stóru stofurnar sem námsverið hafi um árabil til afnota voru teknar undir almenna kennslu. Í staðinn fékk starfsemin tvö lítil rými í viðbyggingu (merkt 300 og 305) og rými á 2. hæð suðurenda aðalbyggingar (merkt 200). Tvær litlar samliggjandi kennslustofur í norðurenda á 2. hæð voru gerðar að einu rými sem nýst hefur vel og mikil ánægja er með. Einnig er þar þjálfunaraðstaða/vinnuaðstaða fyrir þroskaþjálfara og skrifstofa deildarstjóra námsvers. Þróunin í Garðaskóla hvað varðar sérkennslu og stuðning er sú að þjónustan er veitt inn í námshópana í stað þess að taka nemendur út úr kennslustundum. Deildarstjóri námsvers lítur jákvætt á þessar breytingar á vinnuaðstöðu og telur að þær séu liður í þeirri þróun að stuðningskennsla fari ekki endilega fram á ákveðnum stað í skólabyggingunni heldur flæði um húsið.

Starf stuðningsfulltrúa: Þrír stuðningsfulltrúar störfuðu í skólanum skólaárið 2016 -2017 í tveimur stöðugildum. Ráðinn var ungur karlmaður 100 % stöðu stuðningsfulltrúa sem reyndist afar vel. Í vetur hefur stuðningurinn aðallega beinst að nemendum í 8 bekk. Stuðningsfulltrúarnir sinna eftirliti á göngum, í frímínútum og matarhléum, og veita einnig stuðning inn í verklegar greinar.

Samstarf /samráð: Í upphafi skólaárs hélt deildarstjóri samráðsfundi með foreldrum nokkurra nemenda í þeim tilgangi að sýna stundartöflur þeirra. Yfirleitt var einhver annar fagaðili frá skólanum með á þessum fundum s.s. námsráðgjafi, umsjónarkennari eða deildarstjóri nemendamála. Misjafnt var hvort nemendur sátu fundina og er það yfirleitt sett í hendur foreldra. Fundir sem þessir hafa reynst afar vel og skilað sátt og sameiginlegum skilningi á þörfum þess nemanda sem um ræðir. Það er afar mikilvægt að stundatafla nemenda sem þurfa einstaklingsmiðun sé tilbúin og þurfi ekki mikilla breytinga við eftir að skóli hefst, það skapar festu og öryggi fyrir þá.

Upplýsinga- og samræmingarfundir voru haldnir innanhúss vegna nemenda með sérþarfir. Þeir kennarar sem koma að þessum nemendum voru boðaðir á fundina.

Deildarstjóri námsvers og þroskaþjálfari sátu í teymi varðandi nemanda sem þurfti sérhæfða og viðtæka þjónustu. Fundir voru haldnir á Bæjarskrifstofu Garðabæjar og Sólveig Steinsson yfirmaður málefna fatlaðra samræmdi aðgerðir.

Teymi eru sett saman vegna nemenda með fatlanir sem þurfa sérhæfða og samhæfða þjónustu. Ekkert formlegt teymi var að störfum sl. skólaár en fundað var eftir þörfum um málefni nokkurra nemenda.


Fundir vegna lestrargreininga og sálfræðigreininga eru haldnir með viðkomandi nemanda og foreldrum hans. Deildarstjóri sinnir lestrargreiningum og heldur skilafundi og situr einnig skilafundi vegna sálfræðigreininga. Deildarstjóri námsvers situr skilafundi vegna flutnings nemenda milli skólastiga og hittir kennara barnaskólanna og framhaldsskólanna ef þess er óskað. Tilgangur fundanna er að miðla upplýsingum um nemendur.

Deildarstjóri heldur utan um starf Nemendaverndarráðs Garðaskóla og situr vikulega fundi ráðsins.

Stuðningur og sérkennsla í 8. bekk: stuðningur við nám og sérkennsla nemenda í 8. bekk er oftast skipulögð inn í viðkomandi fagtíma. Skipulag var með ýmsu móti, stundum kom sérkennari/þroskaþjálfari/stuðningsfulltrúi inn í bekkinn en í öðrum tilvikum voru litlir hópar skipulagðir og nemendum kennt í minni hóp. Nemendum í 8. bekk í stærðfræði var skipt niður í hópa eftir námsþörfum með skipulegum hætti líkt og í 9 og 10 bekk.


25 nemendur voru með einstaklingsnámskrá þ.e. aðlagð námsefni og námsmat í einhverri námsgrein, langflestir aðeins í einni grein (stærðfræði og/eða íslensku).

Myndin sýnir hvað mörg % nemenda í árgangi eru með einstaklingsnámskrá




Stuðningur og sérkennsla í 9. bekk: Í stærðfræði var tveggja kennara kerfi í hægferð en í ensku og íslensku voru hóparnir það fámennir að einn kennari annaðist kennsluna. Í hægferðarhópi í dönsku vann þroskaþjálfari með kennara. Skólaárið 2016-2017 voru 29 nemendur í 9. bekk með einstaklingsnámskrá í einni eða fleiri greinum þar af 15 strákar og 14 stelpur.

Taflan sýnir hvað mörg % nemenda í árgangi eru með einstaklingsnámskrá



Skólaárið 2016-2017 þáðu 44 nemendur í 9. bekk sérkennslu (hægferðahópar) eða stuðning í námsveri þ.e. 21 drengur og 23 stúlkur. Þetta eru um 27% nemenda árgangsins. Mestur stuðningur var veittur í stærðfræði og íslensku.

Myndin sýnir yfirlit yfir sérkennslu og stuðning í 9. bekk skólaárið 2016-2017.




Stuðningur og sérkennsla í 10. bekk: Í stærðfræði og íslensku var tveggja kennara kerfi í hægferðahópum. Í hægferðahópum í og ensku dönsku vann þroskaþjálfari með kennara. Skólaárið 2016-2017 voru 28 nemendur í 10. bekk með einstaklingsnámskrá í einni eða fleiri greinum þar af 21 drengur og 7 stúlkur.

Myndin sýnir hvað mörg % nemenda í árgangi eru með einstaklingsnámskrá



Skólaárið 2016-2017 þáðu 62 nemendur í 10. bekk sérkennslu (hægferðahópar) eða stuðning í námsveri þ.e. 35 drengir og 27 stúlkur. Þetta eru um 38% nemenda árgangsins. Mestur stuðningur var veittur í stærðfræði og íslensku.

Myndin sýnir yfirlit yfir sérkennslu og stuðning í 10. bekk skólaárið 2016-2017.



Námsver: Í námsveri fá nemendur aðstoð og stuðning við námsefni sem verið er að kenna út í hópnum. Fjölmarginir nemendur nýta sér námsverið og eru námsverstímar oftast viðbót við hefðbundna stundartöflu. Sumir þáðu bæði aðstoð í stærðfræði og íslensku og aðrir fengu fleiri en einn tíma á viku í námsgreininni. Í vetur hafa einungis verið í boði tímar í íslensku og stærðfræði. Reynslan sýnir að mun fleiri nemendur sækjast eftir aðstoð í stærðfræði en í nokkurri annarri grein. Námsverstíminn er yfirleitt 30 mín og virðist sú tímalengd henta nemendum vel þ.e. við náum til fleiri nemenda. Stuttar vinnulotur henta t.a.m. nemendum með ofvirkni og/eða athyglisvanda.

Ákveðnir nemendur hafa þörf fyrir sértæk úrræði við próftöku vegna kvíða, einbeitingarferðleika eða lestrartengdra erfiðleika. Nemendur sem eru með greiningu eiga rétt á lengri próftíma og rólegum prófaðstæðum. Í prófum eiga allir lesblindir nemendur kost á því að nota mp3 spilara sem búið er að hlaða prófgögnum inn á. Með þessari tækni hafa nemendur tækifæri til að sér nýta hlustun sem stuðning við ritmál. Stöðugt fleiri nemendur nýta sér þessa þjónustu. Í lokaprófum taka ofangreindir nemendur próf í stofum en ekki á sal.

Íslenska sem annað mál. Skólaárið 2016-2017 voru skipulagðar 9 x 60 mínútna kennslustundir á viku fyrir nýbúa, tvítýngda nemendur og Íslendinga sem hafa búið lengi erlendis. Í öllum tilfellum nema einu þá nýta þessir nemendur sér íslenskukennslu í almennum hópum og fá tímana í námsverinu að auki. Aðeins einn nemandi hefur alfarið sótt sína íslenskukennslu í námsverið en það er nemandi sem hefur aðeins búið eitt ár á Íslandi og þarf mjög sérhæfða þjónustu.

Námskrár og námsmat: Margir nemendur sem fá þjónustu í námsverinu eru ekki á einstaklingsnámskrá heldur fá þeir stuðning við að ná almennum námsmarkmiðum. Nemendur fylgja ekki almennum námsmarkmiðum eru með einstaklingsnámskrá. Lögð er áhersla á að einstaklingsnámskrár séu aðgengilegar nemendum, foreldrum og kennurum og stuðli að samfelli í námi þegar nemandinn flyst milli hópa og árganga. Umsjónarkennarar taka saman einstaklingsnámskrár fyrir sína nemendur og deildarstjóri heldur þeim til haga þannig að þær séu aðgengilegar fyrir þá sem þurfa að nálgast þær. Ef nemendur eru með miklar sérþarfir þarf stöðugt að endurmeta einstaklingsnámskrár þeirra. Námsframvinda þeirra ræðst af dagsforminu og stundum koma dagar þar sem vinnan fylgir engum áætlunum.

Nemendur geta fengið undanþágu frá skyldunámsgrein af ýmsum ástæðum. Foreldrar og skólastjóri verða að samþykkja slíka undanþágu og þær eru ekki veittar nema að vel ígrunduðu máli því þetta úrræði getur skert

möguleika nemenda þegar í framhaldsskóla kemur. Í vetur hafa nemendur á vegum sérkennslunnar aðallega fengið undanþágu frá námi í náttúrufræði eða dönsku.

Aðlögun á námsefni og námsmati er ýmist í höndum fagstjóra, fagkennara eða sérkennara.

Félagsfærniþjálfun: Rafn Emilsson atferlisráðgjafi kom að málum nokkurra nemenda í 8. bekkjum. Hann fylgdist með nemendum í kennslustundum í því skyni að meta truflandi hegðun, einbeitingu og vinnusemi. Eftir að athugun lauk benti hann kennurum á verkfæri og aðferðir sem nýtast til að byggja upp góðan aga og vinnufrið í bekknum. Rafn vann áfram með einn nemanda sem fékk regluleg viðtöl og fræðslu. Í samvinnu við móður, námsráðgjafa og deildarstjóra námsvers gerður hegðunarsamningur við nemandann sem gaf góða raun.

Vigdís Björk Agnarsdóttir þroskaþjálfari sinnti félagsfærniþjálfun þriggja drengja og Karin Varðardóttir þroskaþjálfari vann með tveimur drengjum til viðbótar. Unnið var með sjálfvirðingu, virðingu fyrir öðrum og mismunandi skoðunum annarra, reiðistjórnun, skrifaðar og óskrifaðar reglur, viðeigandi framkomu svo eitthvað sé nefnt. Þroskaþjálfarnir nálgast gjarnan nemendur með því að spila borðspil. Þetta hefur gefist vel og spilamennskan skapar afslappað andrúmsloft og tækifæri skapast til samræðu og gagnvirkni.

Námsráðgjöf: Deildarstjóri námsvers vinnur náið með námsráðgjöfum skólans Auði Sigurðardóttur og Ástu Gunnarsdóttur. Töluvert margir nemendur eru í föstum viðtölum hjá námsráðgjafa og nokkrir fá vikulega þjónustu og aðstoð við að halda utan um námsgögn og skipulag. Námsráðgjafar er mjög oft kallaðir að einstaklingsmálum nemenda og eru mikilvægur hlekkur í stuðningsneti skólans.

Sálfræðiathuganir: Sálfræðingur við skólann er Hrafnhildur Lilja Harðardóttir og vinnur hún greiningar á vitsmunabroska, ADHD, félagslegri stöðu og líðan. Beiðni um greiningar koma frá yfirleitt frá foreldrum. Einnig benda kennarar og/eða aðrir sérfræðingar skólans á ef grunur leikur á um þroskafrávik hjá nemanda og að höfðu samráði við foreldra fer viðkomandi inn á biðlista. Hrafnhildur Lilja lauk tólf athugunum í vetur og auk þess voru þrjár athuganir/greiningar unnar hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum. Öllum athugunum er skilað með formlegum fundum. Á skilafundum sitja, auk Hrafnhildar Lilju, foreldrar og deildarstjóri námsvers og stundum námsráðgjafi. Sjö nemendur eru á biðlista eftir sálfræðiathugun.

Garðabær júní 2017

Guðný Þóra Friðriksdóttir, deildarstjóri námsvers

SKÝRSLA FAGSTJÓRA Í ENSKU

Kennarar í ensku skólaárið 2016-2017 voru þau Halla Thorlacius, Sigríður Anna Ásgeirsdóttir og Sigurður Stefán Haraldsson, en auk þeirra tóku Anna Eyvör Ragnarsdóttir, Vilborg Edda Torfadóttir, Kristín Sigurðardóttir og Heiða Lind Sigurðardóttir að sér forfallakennslu frá því í byrjun nóvember og til loka skólaársins.

Fjöldi nemenda í hverri ferð:

Ferðir	9. bekkur	10. bekkur
Hægferð	13	6
Mið/hraðferð	121	126
Flugferð	30	
Fjölbrautahópur		31

Undanfarin ár höfum við verið að vinna að innleiðingu á Aðalnámskrá. Námsefni fyrsta árs framhaldsskólans hefur verið fært í 10. bekk sem þýðir frekari tilfærslu á námsþáttum milli árganga. Þannig færist hluti námsefnis 10. bekkjar yfir í 9. bekk og hluti námsefnis 9. bekkjar niður í 8. bekk.

Starf enskudeildarinnar var að mestu með hefðbundnu sniði. Á þessu skólaári var lögð áhersla lestur, tileinkunn orðaforða og lesskilning. Enskukennarar fengu styrk úr Þróunarsjóði Garðabæjar til að efla alhliða lestrartækni og lesskilning nemenda með því að nota forritið Reading Plus. Í ljós kom að forritið var dýrara en ráð var fyrir gert og því var ákveðið einskorða sig við nemendur í 9.bekk, hægferð í 10. bekk og nemendur í 8. bekk, sem þurftu meira krefjandi lesefni. Reading Plus reyndist góð leið til að efla lestur og lesskilning, auk þess sem nemendur fengu lesefni sem hæfði getu þeirra og áhugasviði. Stefnt er að því að nýta forritið áfram fyrir hægferðir og þá nemendur í 8.bekk sem hafa verið í enskumælandi skólum. Þá var keypt árgangasett af léttlestrarbók sem allir nemendur í 9.bekk lásu og unnu með skriflega og munnlega.

Í 10. bekk var meðal annars skerpt á málfræðikunnáttu, farið var vel yfir öll helstu málfræðiatríði 8. 9. og 10. bekkjar með markvissri verkefnavinnu og könnun í kjölfarið. Einnig var lögð áhersla á lestur lengri og styttri texta og að nemendur gætu tjáð sig í rituðu máli. Nemendur voru þjálfaðir í skipulagðri og skapandi ritun og í kjölfarið fengu þeir m.a. að spreyta sig í rökræðum þar sem þeir þurftu að nýta þá þekkingu sem þeir höfðu aflað sér varðandi formlega ritun og framsetningu.

Á næsta skólaári verður lögð aukin áhersla á leiðsagnarmat í öllum árgöngum. Efla þarf sjálfstæði og vinnubrögð nemenda og koma á skýrari reglum varðandi verkefnaskil. Fagstjóri hefur fengið til liðs við sig kennsluráðgjafa í upplýsingatækni til þess að búa til skapalón fyrir nemendur til að halda utan um verkefnavinnu, þar sem að viðfangsefni í hverri námslotu verða listuð upp og kennari leiðbeinir og metur jafnóðum hvort nemandi hafi lokið þeim í samræmi við markmið og námsmat. Þetta mun gera það að verkum að námið verður einstaklingsmiðaðra, þar sem að nemendur vinna mis hratt eftir því í hvaða námsþætti er verið að vinna hverju sinni en einnig auðveldar þetta þeim að ígrunda vinnu sína.

Taka þarf námsefni 10. bekkjar til gagn Gerrar endurskoðunar. Við komum meðal annars til með að nýta okkur aðkeypt námsefni, samið af kennurum. Um er að ræða fjölbreytilegt efni sem hefur reynst vel í þeim tilgangi að dýpka orðskilning, draga ályktanir og efla hæfni nemenda til samvinnu og samræðna um hin ýmsu viðfangsefni. Það þarf að þjálfa nemendur í agaðri vinnubrögðum og kenna þeim að ígrunda eigin vinnu og skoða verk sín með gagnrýnum augum, því þannig taka þeir ábyrgð á eigin námi og framförum. Þetta verður eitt af mörgum viðfangsefnum næsta skólaárs.

Á heildina litið eru enskukennarar ánægðir með starfið á skólaárinu, við lögðum fyrir ný og spennandi verkefni, jukum leiðsagnarmat, einkum í 10.bekk og tókum þátt í tveimur þróunarverkefnum, SKÍN, frá síðasta skólaári og Reading Plus. Samstarf og faglegt samráð var gefandi að venju og viljum við þakka gott samstarf við stjórnendur nú sem endra nær.

Halla Thorlacius
fagstjóri í ensku

SKÝRSLA FAGSTJÓRA Í ÍSLENSKU

Kennarar í deildinni voru eftirtaldir: Gísli Rúnar Konráðsson, Helga Ólafsdóttir, Kristín S. Sigurleifsdóttir, Kristján Hrafn Guðmundsson, Ragnhildur Thorlacius og Rúna Björk Þorsteinsdóttir. Auk þeirra voru Auður Edda Geirsdóttir, Bergljót Böðvarsdóttir og Gunnar Hrafn Sveinsson með stuðning í 8. bekk.

Engin ferðaskipting var í 8. bekk en að öðru leyti sem sjá má í töflunni hér að neðan.

Fjöldi nemenda í hverri ferð:

Ferðir	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Hægferð		12	13
Miðferð		125	124
Flugferð		27	x
Fjölbrautahópur		x	27

Kennsluhættir hafa að mestu verið svipaðir og sl. ár. Reynt er að hafa kennsluna fjölbreytta þannig að hún höfði til allra nemenda. Að öðru leyti vísast til kennsluáætlana og skólanámskrár.

Deildin hefur verið að innleiða nýtt námsefni frá Skólavefnum, m.a. á rafrænu formi, og mun það efni fá aukið vægi næsta skólaár. Vinna við innleiðingu á Aðalnámskrá hefur verið tímafrek og þá ekki síst sú sem snýr að námsmati. Þar skortir skýrari fyrirlæsi frá Menntamálstofnun eins og greinilega hefur komið fram á samráðsfundum Garðaskóla með nokkrum unglingaskólum á höfuðborgarsvæðinu og verður ekki farið nánar út í hér.

Við teljum að í mörgu hafi tekist vel til á skólaárinu og í heildina erum við nokkuð sátt við árangurinn. Það eru þó nokkur atriði sem gengu ekki nógu vel upp og þarf að lagfæra. Þar má nefna ritun í 8. og 9. bekk sem var kennd í hálfum hópum á móti heimspekilegri samræðu. Kerfinu sem notað var verður breytt næsta vetur og við trúum því að það verði til bóta. Við stefnum að því að auka hlut ritunar í 10. bekk og höfum samið kennsluáætlun með það fyrir augum. Fleira mætti tína til en við reynum sífellt að bregðast við því sem betur má fara og bæta úr jafnóðum. Eins og fram hefur komið munum við halda áfram að bæta efni frá Skólavefnum inn í kennsluna og það er í raun ákveðið þróunarverkefni. Stefna deildarinnar er að gera nemendur að sem bestum málnotendum. Það reynum við að gera með ýmsu móti og vísast þar aftur í kennsluáætlanir.

Fjöldi nemenda með einstaklingsnámskrá/aðlagð námsefni og námsmat:

8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
4	12	13

Júní, 2017

Gísli Rúnar Konráðsson, fagstjóri

SKÝRSLA Í MYNDLISTARGREINUM

Myndmennt er fjölbreytt námsgrein og innan Garðaskóla er henni skipt í nokkrar undirgreinar. **Myndmennt** er skyldunámsgrein í **8. bekk** en valgreinarnar **Myndlist**, **Leir og gler**, **Nýsköpun og vöruþróun** og **Stafræn sköpun** eru í boði fyrir 9. og 10. bekk í blönduðum hópum. Kennarar voru Ingimar Ólafsson Waage, Auður Edda Geirsdóttir og Heiða Lind Sigurðardóttir.

Kennslustundirnar í **myndmennt í 8. bekk** voru tvær samliggjandi 60 mínútur að lengd, hálfan vetur í senn. Að jafnaði voru unnin fimm til sex verkefni í 8. bekk. Í hópum fyrir áramót var unnið með stærðfræðilegar skynvillumyndir í anda Victor Vasarely og í framhaldi fengu nemendur að kanna og þróa sjálfstæð verk í sama anda, einnig þekkt sem Op Art. Í vetur fengu nemendur að vinna listaverk á grundvelli siðferðilegra tilfinninga. Unnið var með vináttuhugtakið á grundvelli kenninga Aristótelesar um þrjú stig vináttunnar. Einnig var unnið með hugrekki sem siðræna dygð og fengu nemendur tækifæri til að skapa listaverk á grunni þeirra hugmynda um hugrekki sem þeir sjálfir bjuggu yfir eða höfðu reynslu af. Nemendur fengu kynningu á klippimyndum (Collage) og bjuggu til slíkar myndir eftir eigin hönnun. Nemendur fengu líka að láta ljós sitt skína í þrykkvinnu (dúkristu) og unnu margvísleg verk með blandaðri tækni. Í lok annar voru svo gerðar klippimyndir.

Nemendur unnu sjálfsmatsblað fyrir hvert verkefni þar sem þeir tilgreindu hvað þeir teldu hafa gegnið vel við vinnuna, hvað hefði mátt ganga betur og hvernig þeim hafi almennt líkað að vinna verkefnið. Þeir gáfu sér einkunn sem var tekin með í lokamati. Eftir áramót fengu nemendur einstaklingsviðtöl við kennara þar sem farið var yfir verk nemenda yfir önnina og sjálfsmatið rætt. Listasaga var fléttuð inn í verkefni nemenda og stuðst við kennslubók í listasögu sem Námsgagnastofnun gaf út.

Í **Myndlistarvali** voru fjórir hópar. Kennslustundir voru 60 mínútur, tvisvar í viku. Það var mjög hentugt fyrirkomulag, tímarnir voru orkuríkir og stemning jákvæð. Verkefni voru fjölbreytt en tímafrek í úrvinnslu. Lögð er áhersla á frelsi nemenda til sköpunar: haustönnin og fyrri hluti vorannar byggist þannig upp að efniviðurinn ræður för, unnið var með akrýlmálun, vatnsliti, dúkristu og olíumálun. Að auki má nefna tilraunir með ljós og skugga í teikningu. Innan ramma efniviðarins höfðu nemendur frelsi til frjálsrar sköpunar. Nemendur unnu einnig fræðilegt verkefni á bókasafninu sem endaði með glærukynningu og umræðum, þeim var boðið að skoða listaverkabækur í eigu skólans og finna „uppáhaldslistamann“. Þetta verkefni opnaði augu margra nemenda fyrir listamönnum sem þeir höfðu ekki kynnst áður og í ljós kom að þeir leita æ minna og sjaldnar til hefðbundinna bóka til að afla sér upplýsinga og njóta listar en fullyrða má að bækur séu á margan hátt aðgengilegri en netið á þessu stigi. Eftir áramótu unnu nemendur sjálfstætt leirverkefni út frá hugmynd um mannkosti sem var grundvölluð á heimspekilegri samræðu um þrjú listaverk; „Hver þessarra persóna myndi ég helst vilja vera?“.

Síðari hluti vorannar var helgaður „lokaverkefni“ sem byggist á sjálfstæðri vinnu þar sem nemendur hafa val um efnivið og útfærslu. Nemendur unnu sjálfsmatsblað þar sem þeir tilgreindu hvað þeir teldu hafa gegnið vel við vinnuna, hvað hefði mátt ganga betur og hvernig þeim hafi almennt líkað að vinna verkefnin. Við lok skólaársins fengu nemendur einstaklingsviðtöl við kennara á grundvelli sjálfsmatsblaðs og verkmöppu þar sem farið var yfir vinnu annarinnar. Þessi persónulegu viðtöl voru tekin upp síðasta vetur og gáfu mjög góða raun. Sama var uppi á teningnum að þessu sinni; viðtölin voru innihaldsrík og gagnleg fyrir báða aðila.

Í **Leir og gler** voru tveir hópar sem unnu að verkum sínum tvisvar í viku í 60 mínútur í senn. Það fyrirkomulag hentar mjög vel en leiðir þó til þess að oft er farið seint eða ekki í frímínútur. Unnið var með leir og gler á margvíslegan hátt en að mestu var unnið í leir. Nemendur hafa lítið fengið að kynnast glervinnu og fengu því að byrja að notast við þann efnivið. Til að byrja með var lögð áhersla á að nemendur gætu skorið gler sjálfir og þegar því var náð voru einföld verkefni lögð fyrir. Verkefni voru ólík og lögð áhersla á að nemendur gætu unnið sjálfstætt að hverju fyrir sig. Verkefnin voru t.d. hálsmen, myndverk og nytjahlutur. Þegar grunnþáttum var náð í glervinnu fengu nemendur að vinna að sjálfstæðum verkefnum út árið þegar hentaði. Í leir var unnið að mörgum verkefnum. Fyrir áramót var lögð áhersla á að kenna grunnþætti leirmótunar eins og puls- og plötuaðferð, sgraffito skreytiaðferð, hvernig unnið er með glerunga o.fl. Einföld verkefni voru því lögð fyrir á fyrri önninni en eftir áramót var unnið að tæknilega flóknari verkefnum. Eftir áramót var því lögð áhersla á að nemendur gætu unnið skapandi verkefni á sjálfstæðan hátt. Rennibekkir eru til staðar og prufa allir nemendur að renna leirmun. Flestum finnst það virkilega gaman og er misjafnt hvað nemendur gera mörg verkefni þar. Það fer eftir áhuga hvers og eins. Eftir áramót var einnig unnið með fljótandi leir þar sem honum er hella mikið í mót. Það er nýbreytni sem var virkilega skemmtileg viðbót í Leir og gler áfangann. Vinnan gekk vel í vetur en mikil þörf er á að fá nýjan leiðrofn. Hann er komin til ára sinna og er næstum ómögulegt að vinna með glerunga lengur sem er bagalegt.

Í **Stafrænni sköpun** var einn hópur. Kennslustundir voru 60 mínútur, einu sinni í viku. Lögð er áhersla á hina skapandi og sjónrænu þætti tölvuvinnslu. Unnið var með forritun í Processing forritunarumhverfinu. HTML og CSS vefforritun var einnig kennd. Myndvinnsla í GIMP (ljósmyndir og teikningar) og Blender (þrívíddargrafík). Nemendur unnu einnig lokaverkefni að eigin vali. Síðari hluta vorannar kom gestakennari, Diðrik Jón Kristófersson, en hann einbeitti sér að vinna með nemendum með hliðsjón af nemendamiðuðu skólastarfi. Einkum lagði hann áherslu á að aðstoða nemendur við að þróa eigin hugmyndir og finna þeim farveg með stafrænni tækni. Verkefni Diðriks Jóns er hluti af meistaraþrófsritgerð hans í listkennslufræðum við Listaháskóla Íslands. Almennt gekk vinnan vel, tæknilegir örðugleikar voru í lágmarki. Þörf er á góðum heyrnartólum við hverja tölvu þrátt fyrir að nemendur hafi í auknum mæli eigin heyrnartól meðferðis. Lögð er áhersla á að nota frjálsan hugbúnað við kennsluna. Skólinn á þrívíddarprentara sem til stóð að nota af krafti. Því miður gat það ekki orðið vegna bilana og erfiðleika við að halda prentaranum í rekstri. Þessi tækni er afar spennandi en þarfnast þess að henni sé fundinn farvegur í skólanum. Ljóst er að hann þarfnast þess að vera staðsettur í upplýsinga- og tækniveri í anda FabLab þar sem nemendur hafa aðgang að tækinu.

Nýsköpun og vöruþróun var kennd einu sinni í viku, klukkutíma í senn. Hópurinn var fámennur enda kenndur í fyrsta skipti í skólanum og í síðustu kennslustund á föstudögum. Áhersla var lögð á skapandi hugsun,

hugmyndavinnu og uppfinningar. Í byrjun var hönnunarhugsun kynnt fyrir nemendum og farið yfir ferli hönnunar frá hugmynd til vöru. Hópurinn heimsótti Sýrusson hönnunarhús við Síðumúla og fræddist um störf húsgagnahönnuðar á Íslandi og einnig fengum við fræðslu frá tölvuleikjahönnuði. Verkefni skólaársins voru af ýmsum toga, leyst voru verkefni í hópum og m.a. búnar til marmarakúlubrautir og turnar úr fundnu og endurnýtanlegu efni. Auk þess lásu nemendur sér til um nýjungar í tækniheiminum og prófuðu teikniforrit. Í enda ársins var aðaláherslan á fjöldaframleiðsluferli keramikhönnunar. Nemendur bjuggu til sín eigin gifsnot og steypu í þau með leirmassa. Auk þess fullunnu þeir munina með skurði, pússningu, mynstur- og glerungavinnu, sem og ofnbrennslu. Það sem einna helst háði kennslunni var fámenni og léleg mæting nemenda sem líklega hefur með kennslutíma að gera enda nemendur oft á leið í ferðalög eða keppnir seinnipart föstudaga, auk þess sem þeir voru í endurtektarprófum á sama tíma. Það er erfitt að halda uppi hópastarfi með 5 nemendum. Annars voru nemendur almennt glaðir og jákvæðir og sjálfstraust þeirra og frumkvæði jókst mikið yfir skólaárið.

Aðstaða, efni og tæki.

Í vetur greindist myglusveppur í innréttingu við vegg milli myndlistarstofu og tónlistarstofu. Í kjölfarið var innréttingin fjarlægð og veggir í kring málaðir. Á útvegg eru lóðrétt steypuskil sem hafa í gegnum tíðina lekið. Enn má finna daufa myglulýkt í þessu horni stofunnar. Grunur leikur á að myglan hafi valdið kennurum óþægindum um alllangt skeið. Ekki er vitað til að nemendur hafi fundið fyrir óþægindum.

Almennt séð er brýn þörf á að fara í endurskoðun á innréttingum eins og áður hefur komið fram á þessum vettvangi og vísa höfundar í ársskýrslur síðustu ára. Keyptar voru til bráðabirgða IKEA hillur á hjólum í stað innréttingarinnar sem var fjarlægð. Í raun þarf nauðsynlega að endurhanna allt rýmið, litlar kompur og þröngur gangur framan við sjálfa kennslustofuna eru afar óhentug rými sem nýtast afar illa. Við blasir að kennslan í myndlistargreinum hefur sprengt utan af sér rýmið þar sem hver einasta kennslustund vikunnar var fullnýtt. Á næsta ári er gert ráð fyrir aukningu í tímamagni sem ójákvæmilega felur í sér nauðsyn þess að færa hluta kennslunnar í nálæg rými.

Loftræsting í kompunni þar sem leirbrennsluofninn er þarfnast úrbóta en réttast væri að útbúa sérstakt leirherbergi við útvegg með beinni loftræstingu út. Slíkt rými myndi einnig nýtast vel sem þurrkrými fyrir leirmuni. Sjálfur leirbrennsluofninn er kominn til ára sinna og er óáreiðanlegur þegar verið er að brenna glerunga og ljóst er að innan fárra ára þarf nauðsynlega að endurnýja ofninn, til stendur að skipta um stjórnborð í ofninum þannig að hann verði nothæfur uns nýr ofn fæst keyptur. Rétt að bíða með kaup á nýjum ofni þar til endurnýjun og skipulagi stofunnar verður hrint framkvæmd. Endurnýjun kennslustofunnar er ekki enn komin á fjárhagsáætlun.

Nokkrar eldri Microsoft Surface spjaldtölvur eru í stofunni en þær nýtast ágætlega til upplýsingaöflunar. Borð eru komin til ára sinna en duga vel engu að síður. Skjávarpi er festur í loft og kemur að mjög góðu gagni. Hins vegar bráðvantar ennþá nægilega stórt tjald á vegginn. Enn á eftir að finna eða smíða nothæft borð undir grafíkpressuna, mikilvægt er að hrinda því í framkvæmd í haust. Það væri líka æskilegt að fá lágar bókahillur í stofuna.

Gjört í júní 2017

Ingimar Ólafsson Waage, Auður Edda Geirsdóttir, Heiða Lind Sigurðardóttir
Myndmenntakennarar

SKÝRSLA FAGSTJÓRA Í NÁTTÚRUFRAÐI

Kennarar í deildinni

Kennsla í náttúrufræði í Garðaskóla veturinn 2016 – 2017 var að stærstum hluta í höndum Margrétar Betty Jónsdóttur og Ragnheiðar Ástu Guðnadóttur. Auk þeirra kenndu Helga María Ólafsdóttir og Þorkell Jóhannsson náttúrufræði í vetur. Margrét Betty Jónsdóttir sá um fagstjórn.

Helstu áherslur fagdeildarinnar



Í heild sinni er áherslan á það að nemendur skynji og skilji umhverfi sitt í víðum skilningi, kunni að leita sér upplýsinga um málefni er tengjast náttúruvísindum, rýna í gögn og geta tekið upplýstar ákvarðanir í framhaldinu.

Nemendur vinna með námsefnið á fjölbreyttan hátt. Sem dæmi má nefna fyrirlestrar kennara, eigin lestur, að finna lausnir við skriflegum verkefnum, fjölbreytt hópvinna, tölvuverkefni, verkleg rannsóknarvinna, skýrslugerð, heimildavinna, gagnvirkur lestur og hugarkortagerð.

Fjölbreytni verkefna deildarinnar bjóða upp á það að hafa fjölbreytt námsmat. Þrátt fyrir reglulegt námsmat yfir önnina teljum við mikilvægt að halda áfram að hafa kaflapróf og í lokapróf eftir árið sem þó er úr völdu efni sem unnið var eftir áramót.

Náttúrufræðideildin hefur í gegnum tíðina ekki mikið verið með aðlagð námsefni. Í einstaka tilfellum hafa nemendur verið undanþegnin náttúrufræði og var það einnig svo í ár.

Tölfræði



Í náttúrufræði er ekki spíralferli á hverju ári eins og í mörgum öðrum fögum heldur koma viðfangsefnin fyrir einu sinni og yfirleitt ekki aftur. Sökum þess að unnið er með ólík svið náttúruvísinda á hverri önn og hverjum árgangi þá væri eðlilegast að hæfni nemenda sem er í 8. bekk og er ekki skoðuð aftur í 9. bekk sé höfð með í viðmiði til grunnskólaprófseinkunnar. Hvernig væri hægt að útfæra það er síðan stóra spurningin.

Breytingar og þróunarverkefni

Í vetur var litlu breytt nema að próf og verkefni voru ABC færni skilgreind og stjórnufræði var færð niður í 8. bekk úr 9. bekk. Öll próf voru sett í talgervil hjá Hildi og Guðnýju og gekk það mjög vel og þurfti litlu að breyta við prófin til að talgervillinn læsi þau rétt.

Á næsta ári verður farið í þróunarverkefni í samvinnu við upplýsingatækni og hefur fengist Nordplus styrkur fyrir því verkefni sem kemur til með að fjalla um norðurheimskautið.

Mat á starfi skólaársins

Skólaárið gekk vel fyrir sig í náttúrufræðideildinni. Tíð uppbrot seinni hluta vorannar komu nýjum kennurum á óvart og teygðist því á lotum og öðru vegna þess.

Tveir nýir kennarar sem kenndu meirihluta nemenda gerði það að verkum að ýmislegt sem talið hefur verið sjálfsagt og alltaf gert var sleppt og annað nýtt tekið upp í staðinn án þess þó að hægt sé að benda á einhver einstök atriði.

Í maí fékk deildin daginn sem nemendur voru úr húsi í starfskynningum til þess að taka til og koma skikki á dót í stofunum og náðist nokkuð vel að ganga frá og flokka það dót sem til er.

Verklegar æfingar og tilraunir vetrarins gengu yfirleitt vel og er áhugi á að auka slíkri vinnu. Mikilvægt er að flestir/allir nemendur fái hlutdeild í vinnunni svo afrakstur sé góður en er það oft erfitt vegna fjölda nemenda í bekk.

Að lokum ber að segja frá því að niðurstöður skólans í náttúrufræðihluta PISA könnunarinnar komu vel út í samanburði við aðra skóla en við erum samt undir meðaltali OECD sem þýðir að við getum enn bætt okkur.

Margrét Betty Jónsdóttir, fagstjóri í náttúrufræði

SKÝRSLA KENNARA Í SAMFÉLAGSFRÆÐI

Kennarar við deildina í vetur voru Hilmar Þór Sigurjónsson, Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir, Ólafur Ágúst Gíslason og Reynir Engilbertsson.

Í samfélagsgreinum leggjum við áherslu á að vinna í anda hæfniviðmiða Aðalnámskrár grunnskóla 2013, eins og kemur fram í skólanámskrá og kennsluáætlunum fagsins í 8., 9. og 10. bekk. Megin hugtök sem unnið er eftir eru m.a. jafnrétti, mannréttindi, lýðræði, gagnrýnin hugsun, stafræn borgaravitund og fjármálalæsi. Til þess að vinna eftir þessum megin þáttum er farið um víðan völl innan samfélagsgreina – landafræði, jarðfræði, þjóðfélagsfræði og saga 19. og 20. aldar. Að auki hefur verið lögð áhersla á að tileinka deildinni nýja kennsluhætti og nýta skólaþróun eins mikið og unnt er.

Ekki er ferðaskipting í samfélagsgreinum. Þó er stuðst við aðlagð námsefni fyrir þá nemendur sem þess þarfnast.

Námsefni samfélagsgreina er fjölbreytt og hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla 2013 eru uppfyllt með fjölbreyttum hætti að auki. Áherslubreytingar með nýjum kennsluháttum má sjá í nýuppteknu námsefni, en stórum hluta námsbóka hefur verið skipt út fyrir nýtt efni. Miklar umræður og vinna hefur átt sér stað hjá deildinni til þess að innleiða þessa nýju vinnuhætti. Vægi prófa hefur minnkað og verkefnavinna hefur aukist. Sjálfs- og jafningjamat er hluti af námsmati deildarinnar. Áfram verður haldið í þróun á þessum kennsluháttum á næsta skólaári.

Vettvangsferðir voru fáar í ár en 10. bekkur fór í sína árlegu heimsókn á Skólaping sem er á vegum Alþingis. Líklegt er að á næsta ári verði farnar fleiri ferðir.

Hluti af námsmati nemenda í 10. bekk eru dagbókarfærslur. Þar setja nemendur sig í spor fólks á öðrum stað, á öðrum tíma sem upplifði hörmungar á borð við fyrri heimsstyrjöld og síðari heimsstyrjöld. Nemendur setja sig því í spor manneskju sem sendir bréf heim og lýsir aðstæðum í skotgröfum fyrri heimsstyrjaldar árið 1916-17, annarrar manneskju árið 1933 sem kaus Adolf Hitler og er stolt af því, og loks bréf sömu manneskju árið 1945

sem er full af eftirsjá. Þetta verkefni hefur gefist vel og hjálpar nemendum að skilja og skynja veruleika annars tíma á öðrum stað.

Fjöldi nemenda með einstaklingsnámskrá / aðlagð námsefni og námsmat:

8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
3	Enginn	Enginn

Garðabær, 29. maí 2017
Hilmar Þór Sigurjónsson
Fagstjóri samfélagsgreinadeildar

SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA

Kennarar: Sýlvía B. Gústafsdóttir og Árni Már Árnason.

Smíði er skyldunámsgrein í 8. bekk en valfag hjá 9. og 10. bekk í blönduðum hópum. Af einhverri ástæðu hafa eingöngu drengir valið sér smíði sem valgrein síðustu ár. Því var ákveðið að bjóða upp á nýja valgrein til að fá stúlkur meira inn í smíðina. Skartgripagerð og föndur í smíðastofunni varð til sem valfagi fyrir 9. og 10. bekk. Stúlkurnar féllu fyrir þessu fagi og úr varð hið skemmtilegasta fag stútfullt af stúlkum og einum dreng. Þar sem að þetta var tilraunafag voru nemendum gefnar frjálssar hendur og fengu að nota þann efniðvið sem að þau kusu, föndra, smíða eða búa til skartgripi. Boðið verður aftur upp á samskonar fag á næsta skólaári.

Kennsluhættir. Í smíði eru grunnildin vinnugleði, virðing og vandvirkni höfð að leiðarljósi. Tímarnir miðuðust mikið að því að hvetja nemendur í að prufa og gera tilraunir og hafa trú á sér. Fá hugmyndir og sjá að hægt er að gera fallega og eigulega hluti. Í 8. bekk eru tvö skylduverkefni lögð fyrir nemendurnar til að sjá hvar nemendur standa. Nemendur gátu þó útfært sitt verkefni eftir sínu höfði og fært það yfir á mismunandi getustig. Fyrri skylduverkefnið er bók úr krossvið sem er hugsuð sem gestabók fyrir ferminguna. Nemendur hafa þó frjálssræði með útilit og notagildi. Seinna skylduverkefnið er verkefni unnið úr málm þar sem nemendur saga út verkefni sem þeir hanna sjálfir. Þegar báðum skylduverkefnum er lokið hafa nemendur frjálssar hendur til að gera þau verkefni sem að þeir kjósa. Mikilvægt er að hafa ekki eingöngu fyrirframákveðin verkefni heldur reyna að fá nemendurnar til að fá hugmyndir og ná betur fram sköpunargleði og sjálfstæði nemendanna. Hér skýna sumir nemendur skært og uppskera fallega og eigulega hluti en því miður eru aðrir sem að finna sér lítið að gera.

Í 9. og 10. bekk er smíði og hönnun valfag. Engin skylduverkefni voru á áætluninni og var nemendum gefið mikið frjálssræði og reynt að gera verkmenntun að aðlaðandi valgrein í framtíðinni með því að leyfa nemendum að vinna með fjölbreyttan efnið og gera tilraunir eftir áhugasviði þeirra. Nemendur gátu unnið í mismunandi efnið, ýmiskonar viðartegundir, málm, fengu að logsjóða, tálga og ýmislegt fleira. Til að fá hugmyndir að verkefnum eru spjaldtölur notaðar til að skoða áhugaverðar síður. Mörg skemmtileg verkefni voru gerð en því miður hentar ekki öllum að hafa þetta frjálssræði og fór allt of mikill tími hjá sumum að hugsa og finna sér verkefni við hæfi. Til að koma þessum nemendum af stað ákvað kennari að hafa tvö skylduverkefni lampa og bakka sem kom ágætlega út. Á næsta ári er ætlunin að byrja önnina á skylduverkefni hjá valhópnum til að sjá hvort að það höfði betur til breiðari hóps

Nú eru allar einkunnir gefnar í bókstöfum sem hentar vel í verkgreinum. Gerður hefur verið hæfniviðmiðskvarði til að nemendur sjái betur hvernig kennari metur þau og sýnir hvað liggur á bak við hvern bókstaf. Hvað þarf nemandi að standast til þess að fá A, B osfrv. Þetta hefur auðveldað nemendum að gera sjálfsmatið sitt á raunhæfan hátt og skilja betur einkunnargjöfina í bókstöfum.

Mat á starfinu í smíði. Fagdeildin stefnir á að auka nýsköpun og leitað verður leiða til að virkja frumkvæði nemenda og innleiða þær aðferðir sem auðvelda þeim að þróa hugmyndir sínar og framkvæma. Oft er auðveldara að skapa og prufa sig áfram með verðlaus efni og þannig þróast gjarnan góðar hugmyndir. Símar nemenda eru leyfðir í smíðatíma til að skoða hugmyndasíður og eru þetta frábær tæki til þess. Langflestir virða þær reglur sem gefnar eru varðandi símanotkun en því miður er freystingin fyrir suma mikil að nota þá í annað en skólastarf.

Úrbótatillögur. Smíðastofan er yfir höfuð vel tækjum búin og hefur smíðakennari fengið mikið frjálssræði með efniskaup. Þó er ýmislegt sem þarf að lagfæra. Brýnast er bæta loftræstikerfi stofunnar. Verkfæri eins og t.d. hjólsög þarf að yfirfara með tilliti til öryggis við vinnu. Pússa upp hefilbekki og endurnýja stóla. Engin skjávarpi er í stofunni en umræða hefur verið að festa kaup á sjónvarpi í stað skjávarpa sem er talið er henta betur.

Enn fjölgar nemendum í Garðaskóla og verður 8. bekkur í vetur einu fleiri en í fyrra eða átta bekkir samtals. Þá hefur áskókn í smíði sem valgrein fjölgað verulega. Af þessum sökum hefur verið ráðinn annar smíðakennari í hlutastarf sem mun taka að sér alla valhópa í smíði og hönnun næsta vetur.

Júní 2017,
Sylvía B. Gústafsdóttir

SKÝRSLA FAGSTJÓRA Í STÆRÐFRÆÐI

Kennarar. Í stærðfræðideildinni eru Ásta Huld Henrysdóttir, Elena Einisdóttir, Elías Sólmundarson, Kristinn Sigurbergsson, María Hrafnisdóttir, Ragnheiður Stephensen, Svandís Ríkhardsdóttir og Þorkell Jóhannsson.

Kennsluhættir í stærðfræði byggjast að miklu leyti upp á innlögnum og útskýringum á töflu, umræðum og einstaklingsaðstoð þar sem kennari gengur á milli nemenda. Nemendur fylgjast með innlögnum, taka þátt í umræðum, reikna í tíma og heima bæði ein og í pörum/hópum. Einnig hafa kennarar verið að prófa að sýna nemendum myndbönd með innlögnum og benda nemendum á að það sé til mikið af myndböndum á netinu sem geta aðstoðað þá í stærðfræðináminu. Nokkrir kennarar í deildinni hafa verið í þróunarverkefninu SKÍN sem gengur út á sýnileg markmið í kennslu, upprifjun í hverjum tíma og markvisst leiðsagnarmat. Þetta hefur gengið mjög vel hjá þessum kennurum og mikill hugur að gera þetta í sem flestum hópum næsta skólaár. Sjá nánari lýsingu á námi nemenda í kennsluáætlun.

Fjöldi nemenda með einstaklingsnámskrá/aðlagð námsefni og námsmat:

8. bekkur		9. bekkur		10. bekkur	
Vor 2016	Vor 2017	Vor 2016	Vor 2017	Vor 2016	Vor 2017
13	25	23	18	23	28

Breytingar og þróunarverkefni. Mesta vinnan á skólaárinu var án efa námsmatið í öllum árgöngum. Námsmatið byggist á því að meta hvaða hæfni nemendur hafa náð og gekk sú vinna mjög vel þó hún sé mjög tímafrek. Eins og áður hefur komið fram þá voru nokkrir kennarar í deildinni í SKÍN þróunarverkefninu annað árið í röð og höfum við mikinn hug á því að innleiða sýnileg markmið, upprifjun í hverjum tíma og markvisst leiðsagnarmat.

Mat á starfi skólaársins. Skólaárið gekk vel í heild sinni, áætlanir stóðust og mikill tími fór í námsmatið. Skólinn var í fyrsta skipti hæstur á landinu í samræmdum prófum og er deildin stolt af því. Deildin er ánægð með störf vetrarins, mjög ánægð með þær breytingar á ferðakerfinu þannig að það hefjist í 8. bekk og deildin einkennist af metnaði og dugnaði með það að markmiði að undirbúa nemendur vel undir nám í framhaldsskólum landsins. Ný valgrein Aðstoð við heimanám sló í gegn og gaman að halda áfram með hana þó það sé leiðinlegt að það þurfi að bitna á valgreininni stærðfræðigrunni sem verður ekki næsta skólaár.

Ábendingar sem deildin vill koma til skólastjórnenda er að okkur finnst við þurfa meiri tíma í 10. bekk til að nemendur nái betri tökum á því námsefni sem er búið að bætast við grunnskólann, námsefnið reynist nemendum erfitt og þeir næðu betri tökum á því ef við gætum tekið það hægar.

Garðabær, júní 2017
Elena Einisdóttir, fagstjóri í stærðfræði

SKÝRSLA KENNARA Í HEIMILISFRÆÐI OG VALÁFÖNGUM MATREIÐSLU

Kennarar: Kristján Rafn Heiðarsson, heimilisfræði 8. bekk, valáfangar í 9. og 10. bekk.

Hulda Sigurjónsdóttir, heimilisfræði 8. bekk, valáfangar í 9. bekk

Starfið í vetur og kennsluhættir:

Haustönnin hófst eins og venjulega með nákvæmri umfjöllun og yfirferð á vinnusvæði, áhöldum og tækjum, vinnu og hreinlætisreglum, námsmati og kennsluáætlun. Nemendum er skipt í hópa, 2-4 í hópi sem vinna saman og bera sameiginlega ábyrgð á vinnusvæðinu. Þar reynir á félagslegan þroska þeirra, sem getur verið misjafn. Nemendur vinna annað hvort með sameiginleg eða einstaklingsverkefni samkvæmt kennsluáætlun en fá að velja verkleg verkefni ca. tvisvar til þrisvar yfir önnina.

Skólaárið hefur gengið mjög vel fyrir sig. Nemendur eru flest allir mjög áhugasamir, skemmtilegir og glaðir og hafa auðsjáanlega mjög gaman og gott af að vinna við að skapa og búa til það sem hægt er að borða. Við vinnum eftir ýmsum uppskriftum og lögum mismunandi rétti svo sem, kjöt-, fisk- og grænmetisrétti, einnig brauð og kökur. Verkefni sem hægt er að borða og njóta þegar settu marki hefur verið náð. Oft er það svo að stúlkurnar hafa meiri áhuga á að útbúa ýmsar kökur en drengirnir hafa meiri áhuga á að laga kjötrétti og pizzur. Fiskur er því miður ekki mjög vinsæll, en líkar vel þegar búið er að elda. Þess vegna er nauðsynlegt að kennarar komi inn á mikilvægi þess að borða fjölbreytt fæði og hafa þekkingu á hvaða hráefni eru í matnum sem við borðum. Að nemendur átti sig á því hversu nauðsynlegt er að hafa kunnáttu til og hve mikilvægt er að laga matinn frá grunni og forðast sem mest unnar vörur. Þessi verklegu verkefni eru mikilvægur hluti skólastarfsins þar sem tækifæri gefst til að hvíla sig smá stund frá bókunum en um leið læra aðra mikilvæga hluti sem nýtast vel út lífið. Í verklegu verkefnunum reynir mjög á hæfni, sjálfstæði, skipulag og samvinnu nemenda sem getur gengið misjafnlega, sérstaklega við þrif og frágang. Oftast gengur samvinnan vel eða nokkuð vel, sem skiptir miklu máli svo sett markmið náist. Verklegar kennslustundir eru tvær, hálfan veturinn hjá 8. 9 og 10 bekk. Heimilisfræði hjá 9 og 10 bekk eru valgreinar. Það er símat, þ.e. nemendur metnir eftir hverja kennslustund.

Bókleg verkefnavinna er eingöngu í 8. bekk, kennslustundir eru tvær samliggjandi á viku og bókleg verkefni unnin þrisvar yfir önnina eða í heildina sex klukkustundir. Þar er vægi bóklegra verkefna minni en vægi verklegra verkefna. Það er símat og nemendur metnir eftir hverja kennslustund. Kennsluefni er úr bókunum Næring og lífshættir; Matur og menning ásamt efni frá Embætti landlæknis. Áhugi nemenda á bóklegri heimilisfræði er stundum frekar lítill og þarf að passa vel upp á að halda nemendum við efnið. Í bóklegri heimilisfræði er farið í næringarefni matvæla þ.e. orkuefni, vítamín og steinefni, sykurneyslu, skráargatið og hollustu, aukaefni í matvælum, hættuleg efni í heimilishaldi, bent á kostnað við heimilisrekstur og ýmislegt fleira. Við höfum breytt bóklegri kennslu til muna síðustu ár og unnið að því að gera hana meira lifandi og skapandi með aukinni tjáningu og tengingu við raunveruleika nemenda. Markmiðið er að hafa jákvæð áhrif á lífsstíl nemenda og efla þeirra gagnrýna hugsun sem neytendur.

Breytingar og þróunarverkefni: Við unnum áfram með læsisverkefnið. Það hefur stundum reynst erfitt að taka þátt í yndislestri í heimilisfræði þar sem tíminn er oft of knappur til að taka 20 mínútur í lestur ef það á að ná að klára verkefnið. Að þessu leyti er heimilisfræðin ólík öðrum greinum þar sem við getum ekki klárað verkefnið í næsta tíma, vikunni á eftir. Einnig hafa nemendur rætt mikið um að þeim finnst þeir vera sviknir ef tekin er af þeim verklegur tími fyrir yndislestur. Við sem kennarar erum samt sem áður hlyntir yndislestri og að efla þurfi lestur nemenda. Þess vegna erum við ánægð með breytt fyrirkomulag næsta vetur.

Unnið var eftir nýju námsmati sem aðalnámskrá grunnskóla og mennta- og menningarmálaráðherra gáfu út. Þar eru nemendur metnir í bókstöfum eftir ákveðnum hæfniviðmiðum í lok hvers bekkjar. Við sem kennarar í heimilisfræði höfum náð að tileinka okkur þetta námsmat mjög vel og teljum við það henta faginu. Við höfum stuðst við þrjú megin hæfniviðmið við námsmatið;

- Ábyrgð, samvinna og sjálfstæði
- Þekking, færni og frumkvæði
- Frágangur og þrif á vinnusvæði og verkefnum

Framkoma og hegðun er einnig mjög veigamikil þáttur í námsmati þegar gefin er lokaekunn.

Kostnaður:

Heimilisfræði/matreiðsla er frekar kostnaðarsamt fag og hefur matvöruverð hækkað töluvert síðustu misserin. Hins vegar var vorönnin kostnaðarminni en haustönnin og skýringin liggur trúlega í lækkuðu vöruverði. Í dag verslum við vörur af Nettó sem áður var Samkaup og gefa þeir sig út fyrir að vera með lægra vöruverð. Við höfum reynt að passa mjög vel upp á öll hráefniskaup til heimilisfræðinnar og fara vel með.

Framtíðarsýn:

Skólamötuneyti fyrir nemendur er gullið tækifæri á að tengja saman atvinnulíf og kennslu t.d. í 9. og 10. bekk. Þetta gæti verið hluti af valáfanga eða nýr valáfangi, (verknám). Nemendur kvarta mikið yfir einhæfu fæðuvaldi í mötuneyti skólans, of mikið brauðmeti og ekki nægilega mikið úrval af hollum og fjölbreyttum mat. Þar gætu nemendur komið sínum hugmyndum á framfæri í vali á réttum með heilsusamlegt í huga. Mjög mikilvægt er að nemendur séu með í skipulagi skólans, þeir eru svo hugmyndaríkir og skapandi.

Endurnýjun og úrbætur:

Endurnýja þarf eitthvað af handverkfærum. Þetta á sérstaklega við um **potta, pönnur, rafmagnsþeytara, hnífasett** og svo eitthvað af smærri handverkfærum. Við þurfum skjávarpa til að varpa fram ýmsu kennsluefni og gera kennsluna ennþá fjölbreyttari og betri en hún er nú. Markmiðið í verklegu verkefnunum er að undirbúa-elda/baka-borða og ganga frá vinnusvæðinu áður en næsti hópur mætir. Verður stundin á milli hópa þá oft ansi lítil og svolítið stressuð fyrir kennarana því undirbúa þarf verkefni fyrir næsta hóp, sem getur verið annar árgangur og með önnur verkefni. Af þessum sökum verður viðvera kennarans í kennslustofunni oftast án hléa og samneytis við aðra kennara og starfsmenn skólans, sem er miður. Jafnframt eru þrif alltof mikið á herðum kennarans og fer mikill tími í þrif þegar kennslu er lokið á daginn.

Kristján Rafn Heiðarsson og Hulda Sigurjónsdóttir

SKÝRSLA KENNARA Í TEXTÍL OG FATAHÖNNUN

Kennari: Guðrún Björk Einarsdóttir

Helstu áherslur. Í 8. bekk voru nemendur hvattir til að koma með hugmyndir að verkefnum sem þeir vildu vinna að í tengslum við þær textílaðferðir sem kenndar voru. Hver bekkur var með lausblaðamöppu þar sem hver og einn nemandi bekkjarins fyllti inn á sitt sjálfsmatsblað stutta lýsingu á verkefninu og hvernig hann mat til einkunnar. Þar koma fram hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar hverju sinni og hver og einn fær yfirsýn yfir eigin verkefnastöðu. Kennari reynir að ná samtali eða leiðsögn a.m.k. tvisvar á önn við hvern og einn. Blöðin henta vel þegar meta á heildarárangur og gefa góða yfirsýn yfir verkefnastöðu hvers og eins. Má segja að þau geri nemendur ábyrgari þar sem þau skrá vinnuna og átta sig á hvað þau eru búin með og hvað er ógert. Matskvarðar eru sýndir í byrjun annar og lýsa þeir hvaða hæfni þarf að ná til að fá hvern bókstaf fyrir sig. Mætti

hugsa sér að gera matskvarðana enn sýnilegri með því að hengja þá upp í stofu. Vinnusemi er lykillinn að góðum árangri. 9. bekkur var einn tíma á viku í vetur sem er of knappur tími og kvörtuðu nemendur yfir því. Hópurinn var fámennur og vinnusamur og náði þrátt fyrir nauman tíma að gera fin verkefni. Þessir nemendur nýttu margir eyður til vinnu.

Þróunarverkefni. 10. bekkur tók þátt í Sprotasjóðsverkefni sem unnið var með kennaranemum af Textílkjörsviði HÍ og lektori. Þetta var samvinnuverkefni kennaranema, nemenda í textílvali í Garðaskóla og kennurum beggja skólastiga með það markmið að innleiða nýsköpun í textíl. Kennarnir kynntu hugmyndafræði verkefnisins og fengnir voru fyrirlesarar frá Sorpu og Rauðakrossinum. Kennarnemar kynntu og kenndu aðferðir og leiðir til að örva sköpunarkraft og hugmyndavinnu nemenda. Efnisveita verkefnisins var fengin frá fyrirtækjum sem gáfu hefðbundin og óhefðbundin textílefni sem ekki nýttust í framleiðslu. Verkefninu lauk með sameiginlegri sýningu í desember í Garðaskóla og í janúar á Menntavísindsviði. Verkefnið á án efa eftir að nýtast áfram. Tveir af þeim hópum sem tóku þátt í Stíl fatahönnunarkeppni grunnskólanna höfðu verið með í þróunarverkefninu. Við fengum að senda tvo hópa í lokakeppnina sem var í mars í Laugardalshöllinni. Báðir hópar voru kallaðir á verðlaunapall. Annar hópurinn fékk hvatningaverðlaunin og hinn annað sætið.

Úrbótatillögur. Það tekur talsverðan tíma í 8. bekk að koma vinnunni almennilega í gang svo sem þræða vélar, gera klárt svo hægt sé að sníða, lita efni og fleira. Að ganga frá verkgreinastofu er einnig tímafrekt þannig að tveir samliggjandi tímar henta betur ef hægt er að koma því við þó ekki væri nema í einhverjum hópum.

Nýir, vandaðir og þægilegir stólar með 5 ára ábyrgð hafa verið keyptir í stofuna sem er mjög til bóta. Nú þyrfti að pússa upp massívu borðin í stofunni sem eru farin að láta á sjá. Að öðru leiti er vinnuaðstaðan rúmgóð og þægileg.

Guðrún Björk Einarsdóttir

15. júní 2017

SKÝRSLA KENNSLURÁÐGAGA Í TÖLVU-UPPLÝSINGATÆKNI Í GARÐASKÓLA

Efnistöð í upplýsingatæknitímum í 8. bekk færðust enn meira frá einstökum forritum yfir í lausnamiðaða hugsun, hönnun og sjálfstæð vinnubrögð í gegnum kennslumyndbönd. Lego First forritunarvalfagið kom sterkt inn, annað skólaárið í röð, með þátttöku í FIRST LEGO League keppninni á Íslandi. Stefnt er að þátttöku stelpna í faginu á næstu árum. Einnig var boðið upp á framhald í forritunarnámi með Unity tölvuleikjaforritun.

Þar sem enn fleiri nemendur Garðaskóla ganga um með eigin snjalltæki var aukin áhersla sett á starfræna borgaravitund, sérstaklega í 8. og 9. bekk. Bekkjarfyrirlestrar frá SAFT voru keyrðir í öllum 8. bekkjum, kennsluráðgjafi fór inn í kynjaskipta hópa í náttúrufræði (á móti kynfræðslu) og ræddi um samfélagsmiðla og greiningu á innihaldi og framsetningu samfélagsmiðla fræga fólksins var tekin fyrir í umsjón.

Eftir vel heppnaðar Menntabúðir í upplýsingatækni fyrir kennara í byrjun skólaársins var ákveðið að kennsluráðgjafar grunnskólanna myndu bjóða upp á endurteknar vinnustofur í þeim verkfærum sem voru hvað vinsælust (samkvæmt viðhorfskönnun). Fyrirhugað er að halda sambærileg námskeið á næsta skólaári, ásamt stökum örnámskeiðum innahúss eins og verið hefur síðust ár. Mikilvægt er að tímasetja námskeið með góðum fyrirvara og hrófla ekki við dagsetningum.

Vilyrði fékkst fyrir byggingu upplýsingavers Garðaskóla í miðrými efri hæðarinnar. Kennsluráðgjafi, umsjónarmaður fasteigna, forstöðumaður skólabókasafns, kennari og aðstoðarskólastjóri mynduðu teymi í kringum hönnun og skipulag. Rýminu er ætlað að sameina fyrrum bókasafn, vinnurými nemenda, tölvustofu og rými til (starfrænnar) sköpunar af ýmsu tagi. Gengið er út frá því að veggir og gólf rísi sumarið 2017 en nýjar innréttingar komi síðar.

SKÝRSLA GARÐALUNDAR OG NEMENDAFÉLAGS



Vetrarstarf Garðalundar hófst með opnu húsi 11. september með klassískum stöðvaleik og þrautum fyrir hópa. Félagslífið var svo komið á fullt með Rave opnunarballi stuttu síðar þar sem allir gátu litað sér neonboli sem það kusu. Ballið tókst vel og mættu um 400 krakkar. Þetta gaf tóninn fyrir skemmtilegan vetur. Allt að 30 nemendur tóku þátt í félagsmálavali og tóku þátt í verkefnum vetrarins og skipulagningu. Hópurinn fór í félagsmálaferð og að þessu sinni gist og heimsótt félagsmiðstöð á Selfossi. Hluti hópsins sótti landsmót Samfés sem að þessu sinni var haldið í Kópavogi og stutt að sækja að þessu sinni.

Önnin hélt svo áfram með góðri dagskrá, DIY, tie-dye, kaffihúsakvöld, feluleik í skólanum og minigolfi þar sem braut var sett upp í matsal nemenda. Eitt og annað úr dagskránni má nefna kappát, pool og spil, horfa á meistaradeildina, pógó,

playstation, herrakvöld, stelpukvöld, gistikvöld elstu bekinga, kósykvöld, jólahús og föndur og jólamatur f.

10. bekk. Hægt er að rekja viðburðarásina á www.gardalundur.is Stærsta uppbrot annarinnar var svo tileinkað 50 ára afmæli skólans 11. nóv. Tekin rífleg afmælisvika með gagn og gamni og afmælisball í lokin. Skemmtilegt verkefni og lukkaðist mjög vel. Endurvakin var hópeflisferð – haustferð fyrir 8. bekk og gist í skála í Bláfjöllum. Þar fóru bekkir með sínum umsjónarkennurum.

Á haustdögum fóru í gang fóru hljómsveitaklúbbur og heilsuklúbbur og fékk hópastarfið ágætar viðtökur.

Farið var af stað óvenju snemma með leiklistarklúbbinn í nóvember sem endaði starfið í febrúarlok með nýstárlegri uppfærslu í söngleikjaformi um Rómeó og Júlíu. Allt að 40 manns tóku þátt í uppfærslunni. Verkið var sýnt 10 sinnum og vel sótt af nemendum og aðstandendum. Að venju sýndu nemendur snilli sína og uxu með hverri sýningu eins við var að búast. Tímasetning á sýningum þótti góð með t.t. prófatíma og álags undir vorið.



Í desember tók nýr starfsmaður Arnar Hólm Einarsson við starfi aðstoðarforstöðumanns í Garðalundi í stað Ástu Júlíu Elíasdóttur sem sinnt hafði stöðunni í tæp 2 ár. Þökkum Ástu hennar framlag og bjóðum Arnar velkominn. Í byrjun árs var dagskrá m.a. tileinkuð árgöngum þar sem í boði var Lan fyrir elstu bekinga á sextánda ári. 9. bekkur setti í gang lazertag þar sem gangar og skúmaskot í stóru húsi voru nýtt til fullnustu. Draugahúsið var á sínum stað fyrir 8. Bekkinga og vel heppað í alla staði.



Tónlistarklúbburinn og sannaði ágæti sitt m.a. á árshátíð í lok annar. Töluvert var endurnýjað af búnaði fyrir tónlistarfólkið m.a. keyptir nýir magnarar og aukið talsvert við hljóðfæri og tæki til tónlistarflutnings. Aðstaðan er óvíða jafn góð og glæsileg. Skíðaklúbbur eldri nemenda fór í árlega 4 daga ferð á Akureyri. 8. Bekkur tók dagsferð í Bláfjöll í góðu skíðaveðri. Samfés samfestingurinn var á sínum stað og þátttakendur frá okkur í söngkeppni og allt að 100 krakkar sóttu ballið. Vetrarstarfið endaði svo með glæsilegri árshátíð í Ásgarði í byrjun maí sem tókst frábærlega skv. venju þar sem nær allir nemendur tóku þátt í hátíðinni. Í lok skóla voru svo á dagskrá vorferðir í öllum árgöngum. 10 bekkur fór til Vestmannaeyja, 9. Bekkur í Vatnaskóg og 8. Bekkur heimsótti vatnasafarið á Stokkeyri. Gefin var út árleg árbók útskritanemenda og skólalaldi lokið með léttri dagskrá síðasta skóladag og vorhátíð.

Stöðugt er unnið að endurbótum á aðstöðu nemenda til tómstunda og efla starfsmannaauðinn. Samvinna er milli félagsmiðstöðvanna um starfsdaga og námskeiðahald fyrir starfmenn og námskeiðahald á vegum t.d. Samtaka félagsmiðstöðva með ágætum. Áherslur næsta árs verða að auka enn frekar hópastarf fyrir nemendur með ýmsu móti og reyna að koma til móts við sem flest áhugasvið. Alltaf hægt að gera meira.

Frábært foreldrafélag sófavæddi skólann og naut félagsmiðstöðin einnig góðs af því. Virkilega góð búbot í alla staði og vert að þakka þeim sem fóru fyrir í félaginu fyrir þessa búbot. Á starfsárinu var byrjað var að endurnýja ýmsa hluti í aðstöðu og skrifstofu nemendafélags, tölvukost, hljóð- og tækjakost.

Geta má þess að helsti auglýsingamiðill til að ná til nemenda í dag er snapchat og virðist sem dagar heimasíðu og facebook séu senn taldir sem áhrifamiðlar fyrir ungt fólk.

Nokkur íþróttafélög og félagsmiðstöðvar nutu góðs af gistingu í Garðaskóla í umsjón Garðalundar og Fjölbrotaskólunnar í Garðabæ og fleiri félög og stofnanir sem standa að lista og menningarviðburðum í bænum fengu lánuð tæki, áhöld og aðstoð frá félagsmiðstöð. Einnig fékk Dale Carnegie aðstöðu í vetur fyrir uppbyggingarnámskeiðin sín á vegum forvarnanefndar.

f.h. Garðalundar
Gunnar H. Richardson forstöðumaður

SKÝRSLA NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFNA


Í ársskýrslu 2016-2017 er gerð grein fyrir helstu áherslum og verkefnum í starfi náms- og starfsráðgjafa í Garðaskóla. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að vera talsmenn nemenda og m.a. að vinna að velferð þeirra í víðu samhengi, bæði hvað varðar nám, líðan og framtíðaráform. Námsráðgjafar vinna náið með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum, starfsmönnum skólans og Garðalundar. Einnig vinna námsráðgjafar með starfsfólki á fræðslu- og menningarsviði og fjölskyldu- og heilbrigðissviði Garðabæjar og Heilsugæsluteymi Garðabæjar að málum nemenda.

NÁMS - OG STARFSRÁÐGJÖF

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Ráðgjöf á einstaklingsgrunni er umfangsmest í starfinu þar sem námsráðgjafar hitta stóran hluta nemenda yfir veturinn. Nemendur koma helst vegna vanda sem tengist námi þeirra, vegna persónulegra mála, samskipta- og eineltismála og til að fá ráðgjöf um næsta skólastig. Alls komu 265 nemendur í einstaklingsviðtöl, sem er nokkur aukning frá síðasta skólaári og voru nokkuð margir í tengslum við námsráðgjafa allan veturinn. Námsráðgjafar vinna oft í samstarfi við forráðamenn, umsjónarkennara og stjórnendur skólans og eru þátttakendur í teymi utan um þá nemendur sem þurfa mestan stuðning. Þennan vetur sem fyrri ár eru ívið fleiri stúlkur en drengir sem leituðu til námsráðgjafa en munurinn er þó ekki mikill nema helst í 8.bekk. Á mynd 1 má sjá skiptingu á komum nemenda til námsráðgjafa eftir bekk og kyni.

Mynd 1. Fjöldi nemenda eftir bekkjum og kyni sem komu til námsráðgjafa í eitt eða fleiri viðtöl skólaárið 2016 – 2017.*



*Myndir sýnir ekki viðtöl við 91 nemendur í 10. bekk vegna áhugakönnunarinnar Bendils og námslokaviðtöl við alla nemendur 10. bekkjar, samtals 163 nemendur í tvö skipti hver eða alls 326 viðtöl.

Hópráðgjöf og fræðsla

Námsráðgjafar hittu alla nemendur í 8. bekk í minni hópum þar sem fór fram umræða um mikilvægi jákvæðra samskipta og bekkjaranda, ásamt því að starf námsráðgjafa Garðaskóla var kynnt fyrir nemendum. Allir nemendur í 8. og 9. bekk fengu starfsfræðslu á vordögum þar sem þau fóru í fyrirtæki og fengu kynningu á starfi sem þau síðan kynntu fyrir samnemendum sínum. Í 10. bekk hafa námsráðgjafar m.a. kynnt námsframboð framhaldsskólanna, innritunarferlið og val á brautum í framhaldsskóla. Nemendur í 10. bekk fóru í kynningar á vordögum sem voru í tengslum við GERT verkefnið (sjá nánar undir GERT- verkefnið í Garðaskóla). Starfamesa var haldin í desember fyrir alla árganga skólans þar sem forráðamenn kynntu störf sín en einnig komu fulltrúar frá nokkrum fyrirtækjum sem eru í GERT samstarfi við skólann.

Helstu viðfangsefni vetrarins í náms- og starfsfræðslu:

- Áhugasviðskönnun
- Upplýsingar um námsframboð framhaldsskóla
- Áfanga- og bekkjarkerfi kynnt
- Upplýsingar um innritunarferli
- Starfskynningar og starfsfræðsla
- Námslokaviðtöl – bæði að hausti og vori

Nemendur í 10. bekk höfðu kost á því að taka áhugakönnunina *Bendil* á vorönn sem 91 nemandi þáði. Í framhaldinu fengu nemendur einstaklingsviðtal hjá námsráðgjafa þar sem niðurstöður voru ræddar með hliðsjón af vali þeirra á námsbrautum í framhaldsskóla. Tvö námslokaviðtöl voru tekin við alla nemendur í 10. bekk í ár. Tilgangurinn var að skapa samfellu í ákvarðanatökuferli þeirra og stuðla að raunhæfu vali á námsbraut og framhaldsskóla með tilliti til námsstöðu og áhugasviðs. Margir nemendur nýttu sér síðan opin hús framhaldsskólanna og fóru í áhugasviðskönnun áður en þeir komu í seinna viðtalið. Nokkrir nemendur þurftu meiri leiðsögn og var þá boðið annað viðtal, viðtal með forráðamönnum eða haft samband við forráðamenn þeirra.

GERT – verkefnið í Garðaskóla

GERT verkefnið - Grunnmenntun eflað í raunvísindum og tækni er heiti aðgerðaáætlunar Samtaka iðnaðarins, Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að auka áhuga grunnskólanemenda á raunvísindum og tækni. Garðaskóli er aðili að verkefninu en markmiðið með þátttöku er auk þess sem hér var nefnt, að efla sýn nemenda á þeim fjölbreyttu störfum sem unnin eru innan þeirra fyrirtækja sem eru aðilar að GERT verkefninu. Markmiðið er einnig að opna augu nemenda fyrir tengslum starfa við nám bæði í framhaldsskóla og þegar lengra er komið og brúa það bil sem er milli núverandi stöðu og framtíðarþarfa nemenda og vinnumarkaðar.

Útfærsla GERT verkefisins var með þeim hætti að nemendur fengu að velja sér heimsókn í fyrirtæki og var

markmiðið með vali nemenda fyrst og fremst að þeir gætu valið eftir áhuga en þó innan ramma GERT verkefnisins.

Allir nemendur í 10.bekk fóru í heimsókn í Tækniskólann þar sem skólinn er þátttakandi í GERT. Þá nýttum við GERT verkefnið á vordögum með heimsókn GERT aðila í skólann.

Alls voru heimsóknirnar 13 á höfuðborgarsvæðinu og dreifðust á 163 nemanda í 10.bekk. Einn til tveir starfsmenn fylgdu hverjum hópi.

Önnur verkefni námsráðgjafa voru m.a.

- kynning á stöðu GERT verkefnisins á haustdögum fyrir Samtök iðnaðarins
- skipulagning á aðlögun og móttöku nýrra nemenda og eftirfylgd með þeim
- þátttaka á kynningarfundum fyrir foreldra og nemendur í 8. bekk að hausti
- seta í áfallaráði skólans
- þátttaka í forvarnaviku í Garðabæ um kvíða, snjalltækjanotkun og svefnvenjur barna og unglunga
- þátttaka í vinnu grunnskóla Garðabæjar í verkefninu Jafnrétti, kynheilbrigði og velferð
- skráning fundargerða nemendaverndarráðs
- seta í eineltisteymi skólans
- kynning á eineltisstefnu skólans fyrir starfsfólk
- umsjón með starfskynningum 8.og 9. bekkja á vordögum
- samráðsfundir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Garðabæjar
- samráðsfundir með náms- og starfsráðgjöfum úr öðrum bæjarfélögum
- reglulegir samráðsfundir allt skólaárið með fulltrúum í eineltisteymum grunnskóla Garðabæjar í verkefninu „Gegn einelti í Garðabæ“

ENDURMENNTUN OG VIÐHALD FAGÞEKKINGAR NÁMSRÁÐGJAFNA

september 2016	Rafrettur og munntóbak – nýr lífsstíll eða óvægin markaðssetning? Náum áttum.
október 2016	Námskeið um velferð barna, Garðaskóli.
október 2016	Heilsuspjall: Tölvur og kynlíf. Óttar Guðmundsson geðlæknir, Hannesarholti.
nóvember 2016	Dagur náms- og starfsráðgjafa, 35 ára afmæli félagsins. Fræðsludagskrá.
nóvember 2016	Alþjóðleg ráðstefna náms- og starfsráðgjafa, Madrid, Spáni.
janúar 2017	Hinn gullni meðalvegur. Börn, unglingar og samfélagsmiðlar. Árleg ráðstefna Barna- og unglingageðdeildar.
febrúar 2017	Geðheilbrigði skólabarna – hvar liggur ábyrgðin? Samband íslenskra sveitarfélaga.
febrúar 2017	Fundur um innritun í framhaldsskóla á vegum MMS, Rimaskóli.
febrúar 2017	Fundur með skólameistara Verslunarskólans um inntöku nýnema. Ví.
mars 2017	Leiðtogaþjálfun / samvinna, vinátta og félagsfærni á vegum KVAN.
mars 2017	Erasmus+ námskeið „Coaching in Educational Contexts to reduce Early School Leaving. City of Alcalá de Henares, Spáni.
mars 2017	Kynning á námsframboði Tækniskólans, Tækniskóli Íslands.
apríl 2017	Heimsókn, kynning á starfsemi og störfum RÚV, FNOS.

LOKAORÐ

Mjög fjölbreytt endurmenntun var í boði fyrir námsráðgjafa þetta skólaárið. Við gátum nýtt hana vel og hefur það haft jákvæð áhrif á faglegt starf okkar. Við finnum vel hvað það skiptir miklu máli að vera vakandi fyrir faglegri umræðu og þeim áhrifaþáttum sem skipta máli í lífi unglinganna.

Meira hefur verið um samskipta- og eineltismál í vetur ef miðað er við undanfarin ár. Því þarf m.a. að huga að samskiptum nemenda og er umhugsunarefni hvað nemendur eru mikið í snjalltækjum sínum á kostnað beinna samskipta. Það er spurning hvort rafræn samskipti séu farin að hafa neikvæð áhrif á bein samskipti. Ljóst er að þetta er samfélagsleg þróun sem við þurfum að vera meðvituð um og fylgjast með en þó má ekki gleyma ríkri ábyrgð forráðamanna. Forvarnarvika eins og haldin var á haustdögum var kærkomið verkefni sem tengdist sterkt þeirri vinnu sem við innum af hendi á hverjum degi. Við finnum fyrir aukningu á kvíða og vanlíðan hjá nemendum en líkt og komið hefur fram í umræðunni þá sjáum við í starfi okkar þau neikvæðu áhrif sem samskiptamiðlar virðast hafa á líðan unglinganna.

Í ár var sjónum beint enn frekar að nemendum okkar í 10. bekk og var boðið upp á tvö námslokaviðtöl yfir veturinn. Það reyndist vel og voru nemendur á því að það hafi gagnast þeim vel að hafa tvö slík viðtöl, eitt að hausti og annað að vori. Flestir nemendur voru vel undirbúnir undir lokaákvörðun að vori og völdu raunhæft þar sem námsárangur var skoðaður og námsleið m.a. valin út frá því. Það er ljóst að við munum halda áfram að sinna útskriftarnemendum vel þó að það sé tímafrekt en við teljum þeim tíma vel varið.

Á næsta ári munum við halda áfram með þá þjónustu sem við höfum boðið upp á. Við teljum þó mikilvægt að bæta hópráðgjöf í 9. bekk en sá árgangur hefur fengið minni fræðslu í hópi í ár heldur en áður. Það má segja að aukin þjónusta við 10. bekk og aukinn þungi í einstökum málum hafi haft þessi áhrif en þess verður að geta að um helmingur árgangsins nýtti sér einstaklingsþjónustu hjá námsráðgjöfum í vetur.

Að lokum viljum við þakka öllu samstarfsfólki okkar fyrir gott og innihaldsríkt samstarf í vetur.

Garðabæ, júní 2017

Auður Sigurðardóttir og Ásta Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafar Garðaskóla